

AÐALSKIPULAG SKEIÐA- OG GNÚPVERJAHREPPS 2004-2016

Viðaukar – ekki til staðfestingar

Viðauki I:

Forsendur – ýmis göng

Viðauki II:

Spurningakönnun

Viðauki III:

Kynningarfundir ofl.

Viðauki IV:

Umsagnir opinberra aðila

Viðauki V:

Athugasemdir – afgreiðsla athugasemda

Viðauki VI:

Samantekt á virkjanakostum í Neðri-Þjórsá

Viðauki VII:

Minnispunktur um setlónssvæði og efnistöku vegna miðlunarlóna á
hálendinu

Janúar 2006

Viðauki I: Forsendur - ýmis gögn

1. Staðhættir, náttúrufar, náttúruminjar og auðlindir

1.1. Staðhættir – lega og afmörkun¹

Skeið:

Skeið heyrir til uppsveita Árnessýslu. Aðliggjandi sveitarfélög eru Hraungerðis- og Villingaholtshreppur í suðri en Biskupstungna-, Hrunamannahreppur mæta sveitarfélaginu í norðri. Handan Hvítár liggur Grímsnes- og Grafningshreppur og handan Þjórsár Holta- og Landsveit.

Skeiðin eru flatlend og grösug sveit sem liggur milli meginfljótanna Þjórsár og Hvítár. Að stærstum hluta hvílir landið á Þjórsárhrauni sem rann fyrir 8 til 10 þúsund árum. Hraunið er óvíða sýnilegt í dag og er jarðvegur víða 1 til 3 metrar að þykkt. Syðst í sveitinni, við mörk Hraungerðis- og Villingaholtshrepps, liggur Merkurhraun þar sem Þjórsárhraunið hefur náð að hrannast upp. Hraunið er einnig sýnilegt í landi Vorsabæjar, þar sem nefnist Gráhelluhraun. Sveitin er nokkuð mýrlend en hefur verið framræst að stórum hluta á þessari öld. Um síðustu aldamót er talið að samfelld votlendi hafi legið frá Merkurhrauni og allt norður umhverfis Vörðufell og að sandsvæðunum við Sandlæk.² Í dag er eina heildstæða votlendið í Höfðaveitur, milli Hvítár og Vörðufells, og er það svæði á náttúruminjasrá Náttúruverndar ríkisins. Vörðufell (391 m.y.s.) er helsta kennileiti sveitarinnar. Það gnæfir tignarlegt um 350 metra yfir flatlendið. Vörðufell veitir allgott skjól fyrir norðanátt í stórum hluta sveitarinnar. Í dalverpi í Vörðufelli er vatnið Úlfsvatn sem er stærsta vatn sveitarinnar. Vorsabæjarvatn er að mestu þornað upp vegna framræslu.

Eystri-Hreppur:

Eystri Hreppur (fyrrum Gnúpverjahreppur) er í hlíðabeltinu við hálendisbrúnina og í u.b.b. 50-60 km fjarlægð frá hafi. Fjarlægð frá höfuðborgarsvæðinu er u.þ.b. 100 km, frá þjóðvegi 1 eru u.þ.b. 25 km. Byggð í hreppnum liggur í u.þ.b. 70-140 metra hæð yfir sjávarmáli, en einstaka býli er þó í u.þ.b. 230 m.y.s. Láglandi hreppsins afmarkast af Stóru-Laxá til norðvesturs og Þjórsá til suðausturs upp að afrétti Flóa- og Skeiðamanna.

Á mörkum hálendis og undirlendis setja fell og ásar, sem ganga ofan úr hálendinu niður í byggðina, svip sinn á landslagið. Milli þeirra falla ár, sem á köflum falla í alldjúpum gljúfrum eins og t.d. Stóra-Laxá, en niður í þeim leynast sums staðar fossar og flúðir. Uppsprettulindir koma undan fjöllum og hæðum og mynda læki niður til áнна.

Suðurhluti sveitarinnar liggur mun lægra, þar er meira um mýrlendi, sem að mestu hefur verið ræst fram, en mólendi og hæðir eru þar einnig. Þjórsárhraunið liggur þar undir allvíðáttumiklu landi. Þótt það sé að mestu hulið þykkum jarðvegi og vaxið vallendisgróðri, koma víða upp úr því hraunhólar, en grónir bollar og lautir á milli.

Helstu kennileiti í umhverfinu eru Skarðsfjall og Hlíðarfjall upp með Stóru-Laxá, Skafttholtsfjall, Núpsfjall og Hagafjall inn með Þjórsá og hærra inn á heiðunum Kálfárfitjafjall og Hestfjallahnjúkur.

¹ Umfjöllun um hálendið er í 5. kafla og um Þjórsárdal í 4. kafla.

² Þóra Ellen Þórhallsdóttir (et. al): "Röskun votlendis á Suðurlandi", í *Íslensk votlendi, verndun og nýting* (ritstj. Jón S. Ólafsson), 1998, bls.131-142.

Helstu kennileiti í umhverfinu eru Skarðsfjall og Hlíðarfjall upp með Stóru-Laxá, Skaftholtsfjall, Núpsfjall og Hagafjall inn með Þjórsá og hærra inn á heiðunum Kálfárfitjafjall og Hestfjallahnjúkur.

1.2. Jarðfræði

Ítarlega lýsingu um jarðfræði svæðisins er að finna í 1. bindi Árnesinga sögu, kaflar eftir Guðmund Kjartansson jarðfræðing, og verður hún ekki endurtekin hér, heldur aðeins stiklað á stóru.

Skeið:

Jarðlög í Skeiðahreppi eru að stærstum hluta yngri en 10.000 ára, myndað eftir ísöld.³ Svæðið er því jarðsögulega mjög ungt og birtist það m.a. í hraunsvæðum syðst í sveitarfélaginu, jarðhita sem gætir víða og allmiklu sprungusvæði sem teygir sig frá miðbik sveitarinnar og suður að Þjórsá. Skeiðin liggja að stærstum hluta á basískum og ísúrum hraunlögum sem runnin eru á tímabilinu fyrir 4000-10.000 árum. Vatnaset er einkennandi fyrir yfirborðsjarðlög í nyrðri hluta sveitarfélagsins, austan og vestan Vörðufells. Vörðufell er myndað úr eldri jarðlögum en Skeiðin og er að uppistöðu úr jarðlögum sem tilheyra eldri grágrýtismynduninni (0,7-3,1 milljón ára/basísk/ísúr) en einnig er þar að finna móberg (myndað á ísaldarskeiði) í neðri lögum. Eldri grágrýtishraunlög er einnig að finna við Reykjatorfuna og norðan Brautarholts. Allmiklir vikrar eru í Þorleifshólum.

Eystri Hreppur:

Berggrunnur í Gnúpverjahreppi tilheyrir þeim þætti jarðsögu Íslands sem kallast *Hreppamyndunin*. Er þar um að ræða a.m.k. 1,7 km þykk jarðlagastafla og eru elstu jarðlögin um 2,4 milljón ára en þau yngstu um 0,9 milljón ára. Þar skiptast á hraunlagabunkar frá hlýskeiðum og þykkar móbergsmýndanir frá 10 jökulskeiðum.

Í Hreppamynduninni skiptast á basísk hraunlög, dyngjubasalt og póleít, frá hlýskeiðum ísaldar og móbergs- og jökulbergslög frá kuldaskaiðum ísaldar. Rústir tveggja megineldstöðva eru í jarðlagastaflanum, önnur norðan við Skarð beggja vegna Stóru-Laxár og hin innarlega í Þjórsárdal.

Meginsprungustefnur eru N0-10°A, N20-40°A og N60°A og eru allar virkar. Andhverfuás liggur um hreppinn frá N-S (milli Þjórsárholts og Skáldabúða) og hallar jarðlögum vestan hans til NV, en austan hans til NNA. Andhverfan myndaðist fyrir minna en 1,5 milljón árum.

Ofan á berggrunninum hefur ísaldarjökullinn skilið eftir sig jökulruðning og hafa landeyðingaröfl unnið sig misjafnlega í gegnum gróðurhuluna og niður í ruðninginn og berggrunninn. Eftir síðasta jökulskeið, fyrir minna en 10.000 árum, rann hið víðáttumikla Þjórsárhraun um Suðurland og þekur það meira og minna allt láglendi milli Hvítár/Ölfusár og Þjórsár. Í Gnúpverjahreppi kemur Þjórsárhraun fram á yfirborði sem gervígásvæðið í Þjórsárdal, en þar hefur hraunið runnið yfir einhvers konar votlendi. Hofsheiði er einnig hluti af Þjórsárhrauni. Eldstöð Þjórsárhrauns er talin hafa verið á Veiðivatnasvæðinu.

³ Haukur Jóhannesson, Sveinn P. Jakobsson, Kristján Sæmundsson: *Ísland. Jarðfræðikort. Blað 6: Suðurland* (mkv. 1:250.000), 3. útgáfa 1990, Náttúrufræðistofnun Íslands, Landmælingar Íslands.

Skeljaleifar hafa fundist í bakka Þjósár milli Þrándarholts og Miðhúsa og gefa til kynna hæstu sjávarmörk eftir síðasta ísaldarskeið, en þá mun Suðurlandsundirlendið hafa verið einn samfelldur flói.

Búðaröðin er heiti á meira og minna samhangandi jökulöldum, sem ná allt frá Eystri-Rangá að Efstadalsfjalli í Laugardal. Við Búðafoss í Þjósá má sjá greinilegt þversnið í Búðaröðina. Þar er að finna merki um sjávarstöðu. Talið er að Búðaröðin sé urð eftir þann skriðjökul, sem síðastur gekk fram á síðasta kuldaskaiði ísaldar.

Eftir landnám hafa Heklugos stórbreytt gróðurfari og yfirbragði Þjósárdals með margendurteknum vikuraustri.

Jarðhiti er allvíða þekktur í andhverfuásnum og vestan hans, en aðeins á einum stað austan hans (Þjósárdalslaug), og er skýringin á því talin sú, að jarðlögum austan ássins hallar á móti eðlilegri rennslisstefnu heits vatns í berggrunninum frá hálendinu til sjávar. Jarðhiti hefur fundist við yfirborð við Þjósárholt, í Rauðukömbum í Þjósárdal, í Hólmahyl í Stóru-Laxá og við Kálfá. Við Þjósárholt er borhola sem nýtt er til almenningshitaveitu í hreppnum. Allstórt lágviðnámssvæði er í Þjósárdal sem bendir eindregið til jarðhitakerfis þar undir. Með borunum er talið mögulegt að beisla jarðhita við Sandlæk, í Reykjanesi við Kálfá, í Þjósárdal og við Hólmahyl í Stóru-Laxá.

1.3. Veðurfar

Skeið:

Engin veðurathugunarstöð hefur verið starfrækt á Skeiðum. Tvær veðurathugunarstöðvar hafa verið starfandi í Biskupstungunum á undanförunum árum í Vegatunga og Hjarðarlandi og á Jaðri í Hrunamannahreppi og Hæli í Gnúpverjahreppi hafa verið veðurathugunarstöðvar um langa hríð. Meðaltöl um veðurfar verður að taka með ákveðnum fyrirvara ekki síst ef þau ná aðeins yfir stutt tímabil. Langtímasveiflur eru reglulegar í veðurfari sem gerir það að verkum að meðaltöl styttri tímabila eru ekki eins áreiðanleg og lýsandi og ella. Að líkindum eru veðurfarsupplýsingar frá Hæli næst því að lýsa veðurfari á Skeiðum, þó sennilega sé allnokkur munur á veðurfari á þessum tveimur svæðum í einstökum atriðum, t.d. varðandi vindáttir.

Marktæk meðaltöl eru fyrirliggjandi fyrir Hæl í Gnúpverjahreppi. Þar var ársmeðalhitinn á tímabilinu 1931-1960 um 4°C sem er lægra en almennt gerist við suðurstöndina. Í júlímánuði sem er hlýjasti mánuður ársins var meðalhitinn um 11-12°C en í janúar fer meðalhitinn niður í um -2°C. Fyrirliggjandi eru nú upplýsingar um veðurfar frá tímabilinu 1961-1990 fyrir ýmsar veðurathugunarstöðvar, m.a. fyrir Hæl. Alkunna er að veðurfar hefur farið kólnandi hér á landi eftir 1960, einkum á tímabilinu 1966-1980. Þetta kemur fram í samanburði á meðaltölum fyrir Hæl frá tímabilunum 1931-1960 og 1961-1990 (2. og 3. myndrit).


Í uppsveitum Árnessýslu eru norðaustlægar áttir ríkjandi. Tíðni logns á svæðinu er meiri en víða annars staðar á landinu. Meðalvindhraði á Hæli var

7,9 hnútar á tímabilinu 1961-1990, til samanburðar var meðalvindhraða í Reykjavík 11,4 hnútar, 11,2 hnútar á Eyrarbakka og 7,9 hnútar á Akureyri.⁴

Vindafar á Skeiðum er nokkuð frábrugðið því sem lýst er að ofan fyrir Hæl. Ríkjandi vindáttir á Skeiðum eru austan og suðaustan áttir. Að jafnaði er ekki ýkja snjópungt á Skeiðum en snjóalög geta þó orðið allmikil og teppt samgöngur.

Eystri Hreppur:

Veðurathuganir hafa verið gerðar í Gnúpverjahreppi í meir en 100 ár (að vísu með nokkrum hléum). Athugað var á Stóra-Núpi frá 1883 fram undir 1930 og á Hæli linnulítið frá 1932. Í því sem hér fer á eftir er byggt á athugunum frá Hæli á árunum 1961-1990. Í Ísakoti við Búrfell hefur verið athugað frá 1970, en þær mælingar hafa oft verið nokkuð stopular. Þó er byggt nokkuð á mælingum þaðan á árunum 1981-1990. Í nágrenni hreppsins hafa verið gerðar athuganir á Jaðri í Hrunamannahreppi og úrkomumælingar á Blesastöðum á Skeiðum og Leirubakka á Landi. Sólskinsstundamælingar hafa verið gerðar á Leirubakka frá 1984. Hliðsjón hefur verið höfð af athugunum á þessum stöðu.



Hitafar

Í töflunni má sjá meðalhita á Hæli á árunum 1961-1990. Ársmeðalhiti við Ísakot er nærri 1,5° lægri. Þessi munur skýrist að nokkru af hæðarmun staðanna. Hæll er í rúmlega 100m hæð yfir sjávarmáli, en Ísakot í tæplega 250m. Á vetrum er munurinn ívið meiri, en þá er tiltölulega kaldara í Ísakoti, sem þá er oft undir áhrifum hægt kólnandi lofts, sem sígur frá svæðinu neðan Sultartanga. Trúlega er lítillega kaldara á vetrum í Þjórsárdalnum sjálfum en á Hæli. Reikna má með u.þ.b. 0,7° hitafalli á hverja 100m hækkun lands yfir sjávarmál. Slík lækkun er sennileg í daldrögunum vestan Þjórsárdals. Þegar mjög lygnt er, kólnar loft meira þar sem blöndun er lítil, þ.e. svokallaðir kuldapollar myndast. Sums staðar í Þjórsárdal má efalítið finna slíka staði og

⁴Veðurstofa Íslands: Ýmis meðatöl árunna 1961-1990.

e.t.v. einnig á stöku stað vestar, en almennt má segja að minni hættu sé á myndun kuldapolla sé einhver bratti nærri. Á sumrum er hitamunur á Hæli og Ísakoti minni og líklega er sumarhiti í Þjórsárdal mjög svipaður og á Hæli.

Árssveifla hitans (munur á kaldasta og hlýjasta mánuði) er heldur meiri í Þjórsárdal, en neðar í hreppnum.


Frosts hefur ekki orðið vart í júlí á Hæli a.m.k. frá 1961, en í öllum mánuðum í Ísakoti. Utan skógarreita í Þjórsárdal er frosthætta sumar og haust sennilega ívið meiri en á Hæli. Frosts verður vart að meðaltali 145 daga á ári á Hæli og ívið oftar í Þjórsárdal. Til samanburðar má geta þess að í Reykjavík frýs að meðaltali rúmlega 120 daga á ári. Meir en 10° frost verður að meðaltali 17 daga á ári á Hæli, en væntanlega heldur oftar í Þjórsárdal.

Hámarkshiti er 15,0° eða meir u.þ.b. 30 daga á ári á Hæli og trúlega síst sjaldnar í Þjórsárdal. Gera má ráð fyrir að hiti fari í 20°u.þ.b. 1-2 á ári að jafnaði á svæðinu.

Úrkoma

Hálendið við Heklu og þar sunnan og austan við myndar regnskugga sem gætir í átt til Búrfells. Þannig er úrkoma þar og á Leirubakka á Landi um 200mm minni en við Hreppahálendið, en þar er ársúrkoman yfir 1100mm. Úrkoma er mest á haustin, en minnst í maí. Síðdegisskúrir eru algengar á sumrin og algengari en við sjóinn á Suðurlandi. Trúlega er úrkoma í Þjórsárdal svipuð og í Ísakoti eða í námunda við 950mm á ári. Úrkomusamt er í suðlægum áttum, en þurrt og oft bjart veður í norðlægum.

Úrkoma mælist u.þ.b. 200 daga á ári að meðaltali og eru úrkomudagarnir flestir á sumrin, þegar einhver úrkoma er í 17-19 daga í mánuði.



Meira en 1mm mælist að jafnaði 155 daga á ári á Hæli og trúlega litlu færri í Þjórsárdal. Úrkoma mælist meiri en 10mm u.þ.b. 30 sinnum á ári, en sjaldan meiri en 50mm. Slík úrfelli koma einkum í námunda við há fjöll eða fjallgarða, en engir slíkir eru á svæðinu. Meginhluti úrkomunnar fellur sem regn. Í desember -mars er þó meirihluti ýmist slydda eða snjór.

Þokur

Þokur eru fátíðari en víða annars staðar á landinu. Þokudagar voru aðeins 8 á ári að meðaltali á Hæli 1961-1990.

Alskýjað

Alskýjað er um 190 daga á ári, en fjöldi heiðskírra daga talinn 29 og er það meira en algengast er hérlandis. mest er um heiðskíra daga á vetrum og ívið fleiri dagar eru alskýjaðir á sumrum en vetrum.

Sólskinsstundir

Sólskinsstundamælingar hafa ekki verið gerðar í hreppnum, en á Leirubakka á Landi voru að meðaltali 1208 sólskinsstundir á ári 1985-1990.

Snjóalög

Snjóalög eru mjög misjöfn. Í grundvallaratriðum er þetta eitt af snjóléttari svæðum landsins, en staðhættir valda oft miklum skafrenningi á vetrum og því er aðfenni víða mjög mikið, en þá jafnframt stór svæði snjólítill eða snjólaus.

Vindafar

Vindstefna og styrkur á hverjum stað ræðst mjög af landslagi, sem hér einkennist af norðaustlægum - suðvestlægum hæðardrögum og hálsum. Algeng vindstefna er samsíða landslaginu. Norðaustanáttir eru þannig tíðar, en norðvestan- og suðaustanáttir fátíðari. Vindrósir frá Hæli sýnir þetta vel, en þar er vindur af austri trúlega algengari en er í Þjórsárdal og þungi norðaustanáttarinnar er öllu meiri á þeim slóðum. Vindar á hálendinu blása oft miklu ryk- og moldarmistri yfir svæðið jafnvel svo dögum skiptir.

1.4. Gróðurfar, ræktun - lífríki og vatnafar

Gróðurfar-almennt:

Byggðin er hluti af hinu blómlega landbúnaðarsvæði Suðurlands og setur búskapurinn svip sinn á yfirbragð landsins. Votlendi hefur víðast verið ræst fram og tún verið ræktuð á stórum hluta nýtanlegs lands. Áður fyrr voru nokkuð samfelld votlendissvæði á Skeiðum, allt frá Merkurhrauni að Vörðufelli, og einnig á takmörkuðu svæði vestan Árness.⁵ Í dag er eina heillega svæðið, votlendisræma milli Hvítár og Vörðufells, er nefnist Höfðaflatur. Þar er fjölbreytt gróðurfar og fuglalíf. Á síðustu árum hafa bændur gert tilraunir með fjölbreytilegri ræktun, svo sem ræktun korns, græn fóðurs og jafnframt stundað skjólbelta- og nytjaskógrækt.

Hlíðabeltið í Eystra Hreppi er velgróið valllendisgróðri þar sem það hefur ekki þegar verið ræktað. Sama má segja um lægðir og umhverfi áa og lækja. Heiðar og hálendi næst byggðinni eru í þökkalegu gróðurfarslegu ástandi miðað við hæðarlegu og beit. Þar einkennist gróðurfar þó meira af mólendi, en kollar og ásar berari, jafnvel melar og móbergsklappir.

⁵ Þóra Ellen Þórhallsdóttir (et. al): "Röskun votlendis á Suðurlandi", í *Íslensk votlendi, verndun og nýting* (ritstj. Jón S. Ólafsson), 1998, bls.131-142. Sjá einnig Bs-ritgerð Einars Þorleifssonar: "Útbreiðsla og fjöldi nokkurra votlendisfugla á Suðurlandsundirlendi ásamt votlendisskrá", 1995. Sjá einnig Einar Þorleifsson: "Áhrif framræslu á votlendisfugla á Suðurlandi", í *Íslensk votlendi, verndun og nýting* (ritstj. Jón S. Ólafsson), 1998, bls.173-183.

Á árunum 1991 til 1996 var unnið að heildarúttekt á jarðvegsrofi á Íslandi á vegum Landgræðslu ríkisins og Rannsóknastofnunar landbúnaðarins. Í niðurstöðuskýrslu þeirrar rannsóknar frá 1997⁶ er gerð grein fyrir ástandi jarðvegseyðingar og rofs í hverju sveitarfélagi. Skeið sem fjallað er um með norðanverðum Flóa (alls 314 km²; þar af Skeið 94 km²) fá eftirfarandi umsögn:

Til þessa svæðis telst Hraungerðishreppur, Villingaholtshreppur og Skeiðahreppur. Hrepparnir eru vel grónir og á 89% landsins er lítið rof (einkunnir 0,1 og 2). Mikið rof er á aðeins tæplega 3% svæðisins, vegna sandfoks frá Þjórsá og Hvítá. Hrossabeit er tekin að valda spjöllum á gróðri og jarðvegi á nokkrum jörðum.

Eystri Hreppur (Gnúpverjahreppur), heimalönd utan Þjórsárdals (378 km²), fær eftirfarandi umsögn:

Lítið rof telst vera á um 66% landsins en um fjórðungur þess fær rofeinkunn 3, einkum rofabarðasvæði ofan byggðarinnar (54 km²). Mikið rof (einkunnir 4 og 5) er á um 9% landsins, aðallega sandsvæði.

Áður fyrr var sandfok af Reykjasandi vandamál og farið að ógna nokkrum jörðum. Á árunum 1908 og 1909 var 265 ha lands girtir á Reykjasandi og þar hafin sandgræðsla. Uppgræðslunni var að mestu lokið 1913.⁷

Skóglendi - skógrækt

Eftirfarandi ákvæði í náttúruverndarlögum varða verndun náttúrulegs skóglendis: "Við túnrækt, skógrækt, uppgæðslu lands og aðra ræktun skal þess gætt að hún falli sem best að heildarsvipmóti lands og raski ekki náttúru- og menningarminjum" (36. gr.); "...Náttúruvernd ríkisins skal ásamt Skógrækt ríkisins vinna að verndun og eftirliti með náttúrulegum birkiskógi og skógum til útivistar" (39. gr.).

Skilyrði til skógræktar eru með ágætum í uppsveitum Árnessýslu. Haukur Ragnarsson skilgreinir fimm flokka svæða á landinu eftir skógræktarskilyrðum.⁸ Uppsveitir Árnessýslu lenda í fyrsta flokknum þar sem skilyrði eru best til skógræktar. Á svæðum í fyrsta flokki er sumarhitinn alls staðar meiri en 9° og júlíhiti yfir 11°. Úrkoma í uppsveitunum er 1000-1600 mm og vaxtartíminn er 110-120 dagar.⁹ Meðalhæðarvöxtur nokkurra barrtrjáa í uppsveitum Árnessýslu hefur verið eftirfarandi: rauðgreni, 5,0 cm/ári; sitkagreni 7,7 cm/ári; hvítsitkagreni 7,0 cm/ári; stafafura 5,0 cm/ári; skógarfura 6,4 cm/ári; bergfura 3,5 cm/ári; síberíulerki 12,8 cm/ári; rússalerki 13,6 cm/ári.¹⁰ Haukur segir síðan eftirfarandi um vaxtarskilyrði í uppsveitum Árnessýslu:¹¹

Vöxtur sitkagrenisins er dágóður og sömu sögu er að segja um hvítsitkagrenið. Rauðgrenið hefur vaxið hægt en áfallalítið. Hæðarvöxtur lerkitegundanna er hér

⁶ Ólafur Arnalds et. al: *Jarðvegsrof á Íslandi*. Landgræðsla ríkisins og Rannsóknastofnun landbúnaðarins 1997.

⁷ *Sunnlenskar byggðir*., Jón Guðmundsson: "Skeiðahreppur" bls. 415-416.

⁸ Sjá Hauk Ragnarsson: "Um skógræktarskilyrði á Íslandi", *Skógarmál* (rit tileinkað Hákonni Bjarnasyni), 1977, bls. 224-247; "Vaxtarskilyrði ýmissa trjátegunda á Íslandi", *Ársrit Skógræktarfélags Íslands*.

⁹ Haukur Ragnarsson (1977), bls. 237-238.

¹⁰ Sama rit, bls. 241.

¹¹ Sama rit bls. 243.

sæmilegur, og á einstaka stað hefur það sýnt ágætan vöxt og vaxtarlag með betra móti.

Skógræktarsvæði og reitir eru á allnokkrum stöðum í sveitarfélaginu. Náttúrulegt kjarr- eða skógur er einkum að finna í Þjórsárdal.

Ár og vötn:

Samkvæmt reglugerð um varnir gegn mengun vatns (nr. 796/1999) ber heilbrigðisnefndum sveitarstjórna að flokka vatn eftir ákveðnum reglum sem birtar eru í fylgiskjali reglugerðarinnar. Í reglugerðinni segir annars eftirfarandi (8. grein):

8.1 Til þess að viðhalda náttúrulegu ástandi vatns og til þess að vernda það gegn mengun frá mannlegri starfsemi skulu heilbrigðisnefndir flokka vatn í samræmi við 9. og 10. gr. og með hliðsjón af fylgiskjali með reglugerðinni. Heilbrigðisnefndir skulu skilgreina langtímamarkmið fyrir vatn og miða þau við flokka A og B, sbr. 9. gr.

8.2 Flokkun vatns gildir um yfirborðsvatn og grunnvatn hvarvetna á landinu. **Á skipulagsuppdrætti svæðis- og aðalskipulags skulu koma fram langtímamarkmið**, sbr. 1. mgr. Við deiliskipulagsgerð skal gera skýringaruppdrátt sem sýnir ástand vatns, sbr. 9. gr.

8.3 Sveitarstjórnir og heilbrigðisnefndir skulu grípa til aðgerða sem miða að því að viðhalda náttúrulegu ástandi vatns. Jafnframt skal grípa til úrbóta ef ástand vatns hrakar eða ef það er lakara en ástandsflokkun, sbr. 1. mgr. 9. gr. gerir ráð fyrir.

Vötn skulu flokkuð í eftirfarandi flokka eftir ástandi þeirra:

- 1) Flokkur A. Ósnortið vatn (Merkt sem blátt á skýringaruppdrætti)
- 2) Flokkur B. Lítið snortið vatn (Merkt sem grænt á skýringaruppdrætti)
- 3) Flokkur C. Nokkuð snortið vatn (Merkt sem gult á skýringaruppdrætti)
- 4) Flokkur D. Verulega snortið vatn (Merkt sem appelssínugult á skýringaruppdrætti)
- 5) Flokkur E. Ófullnægjandi vatn (Merkt sem rautt á skýringaruppdrætti)

Við flokkun vatna skal eftirfarandi haft til hliðsjónar (10. gr.):

10.1 Flokkun vatns skal byggjast á eftirfarandi forsendum:

a. engar eða litlar vísbendingar eru um áhrif frá mannlegri starfsemi á lífríki eða á efna- og eðlisfræðilegt umhverfi þess. Lífríki og efna- og eðlisfræðilegar breytur eru í samræmi við náttúrulegt ástand eða skilgreind bakgrunnsgildi.

b. lítil og ekki skaðleg áhrif eru greinanleg á lífríki og efna- og eðlisfræðilegt umhverfi þess vegna mannlegrar starfsemi. Efna- og eðlisfræðilegar breytur víkja lítillega frá skilgreindu bakgrunnsgildi, sbr. umhverfismörk í fylgiskjali með reglugerðinni.

c. marktæk áhrif eru á lífríki og efna- og eðlisfræðilegt umhverfi þess vegna mannlegrar starfsemi. Lífríki víkur nokkuð frá þeirri gerð sem við mætti búast ef umhverfi væri óraskað. Efna- og eðlisfræðilegar breytur víkja nokkuð frá skilgreindu bakgrunnsgildi, sbr. umhverfismörk í fylgiskjali með reglugerðinni.

d. veruleg og skaðleg áhrif á líffræðileg samfélög og efna- og eðlisfræðilegt umhverfi þeirra vegna mannlegrar starfsemi. Efna- og eðlisfræðilegar breytur víkja verulega frá skilgreindu bakgrunnsgildi, sbr. umhverfismörk í fylgiskjali með reglugerðinni.

e. ófullnægjandi ástand vatns utan þynningarsvæða fyrir losun efna frá mengandi starfsemi.

Á láglendi sveitarfélagsins eru nokkur vötn og tjarnir og má af þeim nefna Úlfsvatn í Vörðufelli og Vorsabæjarvatn á Skeiðum sem nú er að mestu uppþornað vegna framræslu. Þessi vötn hafa ekki verið rannsökuð sérstaklega.¹²

Helstu ár sem liggja um láglendi sveitarfélagsins eru eftirtaldar:

- 1) Þjorsá
- 2) Þverá
- 3) Fossá
- 4) Bergólfsstaðaá
- 5) Kálfá
- 6) Stóra-Laxá
- 7) Hvítá

1.5. Náttúruauðlindir, efnistaka og hlunnindi

Helstu náttúruauðlindir Skeiða- og Gnúpverjahrepps felast í þeirri vatnsorku sem virkjanleg er í vatnsföllum sveitarfélagsins. Miklar vatnsauðlindir eru á hálendi sveitarfélagsins sem vert er að vernda til framtíðar. Náttúrufegurð Þjorsárdals, lífríki Þjorsárvera og Laxárgljúfur og Skáldabúðaheiði eru ennfremur miklar auðlindir fyrir ferðaþjónustu á svæðinu.

Á bújörðum á láglendinu eru víða nokkur hlunnindi sem einkum eru falin í lax- og silungsveiði, jarðhita og skógartekju.¹³ Lax- og silungsveiðihlunnindi eru á eftirfarandi jörðum: 1) Fjall I; 2) Fjall II; 3) Reykir; 4) Reykhóll; 5) Reykjahlíð; 6) Miðbýli; 7) Árhraun; 8) Útverk; 9) Skriðufell; 10-11) Hlíð I-II; 12-13) Hæll I-II; 14) Háholt; 15) Glóra; 16) Skarð; 17) Sandlækjarkot; 18-19) Sandlækur I-II; 20-21) Þrándarholt I-II; 22-23) Miðhús I-II; 24-25) Stóra Hof I-II; 26) Minna-Hof; 27) Þjorsárholt; 28) Ásbrekka; 29) Breiðanes; 30-31) Laxárdalur I-II; 32) Stöðulfell.

Lax- og silungsveiði var fyrr á öldum talin til helstu hlunninda í Eystra Hreppi. Þessi hlunnindi er nú aðallega nýtt til stangaveiði og er Stóra-Laxá þar efst á blaði. Stangaveiði er ennfremur stunduð í Kálfá, Fossá og að einhverju leyti í Þjorsá. Netaveiði er stunduð í Þjorsá.

Jarðhitahlunnindi eru á eftirfarandi jörðum: 1) Reykir; 2) Reykhóll; 3) Reykjahlíð; 4) Húsatóftir I; 5) Húsatóftir II og III; 6) Hlemmiskeið I; 7) Hlemmiskeið II; 8) Hlemmiskeið III; 9) Hlemmiskeið IV; 10) Eystra-Geldingaholt; 11) Þjorsárholt.

Samkvæmt upplýsingum landeigenda eru efnistökuastaðir á eftirfarandi stöðum (hér er ekki greint á milli efnistöku sem eingöngu er til eigin nota og efnistöku sem einnig er í atvinnuskyni, sjá um stefnu í 7. kafla greinargerðar):

¹² Samkvæmt Magnúsi Jóhannssyni hjá Veiðimálastofnun Suðurlandsdeild.

¹³ Lárus Ágúst Gíslason (1982): *Handbók um hlunnindajarðir á Íslandi*, bls. 297-299. Skógartekja var skráð sem hlunnindi á mörgum jörðum sem gátu falist í ítökum í skógi utan jarðarinnar.

- 1) Í landi Skeiðháholts, við Þjórsá, á svæði sem fer undir væntanlegt miðlunarlón Urriðafossvirkjunar
- 2) Húsatóftir II
- 3) Fjall
- 4) Í landi Reykja, á Murneyrum skammt vestan reiðvallar (stefnt að því að loka)
- 5) Reykhóll
- 6) Ósabakki við Stóru-Laxá
- 7) Í landi Votumýrar við Þjórsá
- 8) Vorsabær II
- 9) Álfstaðir
- 10) Birnustaðir
- 11) Kálfá við Bólstað
- 12) Þjórsárdalsvegur við veg
- 13) Hvammsárnáma
- 14) Þjórsá við Þverá
- 15) Haganáma
- 16) Hagamelar
- 17) Fossárnáma
- 18) Sandá
- 19) Þjórsá við Sandá í landi Ásólfstaða
- 20) Fossnesnáma
- 21) Kálfá við Ásaskóla
- 22) Þverá
- 23) Minni-Mástungugryfja
- 24) Skáldabúðir
- 25) Minni-Mástunga (námur á tveimur stöðum)
- 26) Leirnáma frá Miðhúsum
- 27) Leirnáma við Bólstað
- 28) Ásabrekka
- 29) Námur við Steinsholt
- 30) Námur á Hlíðareyrum (við Laxárbakka)
- 31) Árbakkar við Austurhlíð og upp að Mástungu
- 32) Náma við Skarð við Stóru Laxá
- 33) Stóra-Laxá í landi Gunnbjarnarholts

1.6. Náttúruminjar

Samvæmt lögum (nr.44/1999) um náttúruvernd eru friðlýst svæði flokkuð í þjóðgarða, friðlönd, náttúruvætti og fólkvanga.

Friðlandið í Þjórsverum er á afrétti Skeiða- og Gnúpverjahrepps. Þjórsárverum er svo lýst í *Náttúruminjasrá 1996*:

Þjórsárver, Árnassýslu, Rangárvallasýslu. Lýst friðland 1981. Friðlýsing endurskoðuð með auglýsingu í Stjórnartíðindum B, nr. 507/1987. Stærð 37.500 ha. Svæðið er verndað samkvæmt samþykkt um votlendi sem hefur alþjóðlegt gildi, einkum fyrir fuglalíf (Ramsar). Á tímabilinu 1. maí til 10. júní er umferð um varplönd heiðargæsar bönnuð.

Skilgreint náttúruminjasvæði í Kerlingarfjöllum (*Náttúruminjaskrá 1996*) teygir sig einnig inn á afréttinn vestast í sveitarfélaginu:

Kerlingarfjöll, Árnessýslu. (1) Fjallaklasi milli Kerlingaröldu og Rauðkolla að sunnan og Skeljafells, Ásgarðsfjalls og Þverfells að norðan. Að vestan liggja mörk um Bringur, en að austan um Kisubotna og Mosdal. (2) Stórbrotið og litríkt landslag, mikill jarðhiti. Vinsælt útivistarsvæði.

Skilgreint náttúruminjasvæði í Þjórsárdal, Gjáin og fossar í Fossá (*Náttúruminjaskrá 1996*) er á mörkum hálendis og láglandis, austast í sveitarfélaginu:

Þjórsárdalur, Gjáin og fossar í Fossá, Gnúpverjahreppi, [Skeiðahreppi], Árnessýslu. (1) Að vestan fylgja mörkin Fossá ásamt suðausturhlíðum Fossöldu upp fyrir Háafoss og Granna, en þaðan í Sandafell. Frá Sandafelli ræður Rauða mörkunum allt að Fossá og frá ármótunum 100 m breitt belti sitthvoru megin Fossár allt niður í Þjórsá. (2) Fagrir fossar á vinsælu útivistarsvæði. Háifoss er talin næsthæsti foss landsins. Gjáin er sérstætt gljúfur og þar eru athyglisverðar bergmyndanir. Söguminjar.

Á Skeiðum er eitt svæði á náttúruminjaskrá Náttúruverndar ríkisins:

Höfðaflatar¹⁴ [Höfðaveitur] (1) Votlendisræma milli Hvítár og Vörðufells norður á móts við lðu og suður að Fjalli. (2) Fjölbreytt gróðurfar og fuglalíf.

Jafnframt svæðum á náttúruminjaskrá er vakin athygli á því eftirtaldar landslagsgerðir njóta sérstakrar verndar og skal forðast röskun þeirra eins og kostur er (sjá 37 gr. laga nr. 44/1999 um náttúruvernd):

- a. eldvörp, gervigígar og eldhraun
- b. stöðuvötn og tjarnir, 1000 m² að stærð eða stærri
- c. mýrar og flóar, 3 hektarar að stærð eða stærri
- d. fossar, hverir og aðrar heitar uppsprettur, svo og hrúður og hrúðurbreiður, 100 m² að stærð eða stærri

Leita skal umsagnar Náttúruverndar ríkisins og náttúruverndarnefnda áður en veitt er framkvæmda- eða byggingarleyfi, sbr. 27. og 43. gr. skipulags- og byggingarlaga, nr. 73/1997, til framkvæmda sem hafa í för með sér röskun landslagsgerða skv. 1. mgr. nema fyrir liggi aðalskipulag samþykkt eftir gildistöku þessara þar sem umsögn skv. 33. gr. liggur fyrir.

Hér að neðan eru talin upp nokkur önnur svæði og einstök náttúrufyrirbæri sem hafa verndargildi og huga þarf að verndun á með einhverjum hætti:

- 1) Vörðufell. Að fjallstoppurinn verði skilgreindur sem óbyggt svæði. Ennfremur þarf að huga að því að vernda fjallið í heild sinni vegna vatnsauðlinda (vatnsvernd) og þeirrar ásyndar sem það hefur á sléttlendinu.
- 2) Merkurhraun. Sérstakt hraun (eldra en 4000 ára) á mörkum Skeiðahrepps, Hraungerðishrepps og Villingaholtshrepps. Einkum vert að huga verndun á svæðinu frá Hvítá að Áshildarmýri.

¹⁴ Þetta örnefni er ekki lýsandi fyrir allt svæðið sem skilgreint er í Náttúruminjaskránni.

- 3) Úlfsvatn og Úlfsgil.
- 4) Litla- og Stóra-Gráhell.
- 5) "Urðir" í landi Kílhrauns
- 6) Bauluós.
- 7) Landsvæði ofan 300 m h.y.s. sem eru innan bújarða.
- 8) Rauðukambar
- 9) Gerviggar í Þjórsárdal
- 10) Stóru-Laxárgljúfur
- 11) Búðafoss
- 12) Umhverfi Þjórsár, Kálfár og Þverár

Um náttúruverndarsvæði á hálendinu, sjá frekar í 5. kafla.

1.7. Náttúruvá

Jarðskjálftar:

Upptakabelti Suðurlandsskjálfta liggur þvert um syðsta hluta Skeiða- og Gnúpverjahrepps frá austri til vesturs. Breidd Suðurlandsskjálftabeltisins er, í þrengsta skilningi, um 8-10 km en lengd þess um 70 km, frá Vatnafjöllum sunnan Heklu og vestur í Ölfus.¹⁵ Á þessu belti hafa orðið mjög snarpir jarðskjálftar með reglulegu millibili í gegnum aldirnar. Ritaðar heimildir benda til þess að mjög stórir jarðskjálftar (um 7 á Richter) hafi orðið á hverri öld á Suðurlandi síðan land byggðist.

Stórir jarðskjálftar urðu á Suðurlandsskjálftabeltinu þann 17. og 21. júní árið 2000, en þá voru liðin 88 ár frá síðasta stóra skjálftanum sem varð árið 1912, austast á Suðurlandsskjálftabeltinu. Upptök skjálftanna sumarið 2000, var annarsvegar í vestarlega í Holtum (63.97°N og 20.37°V á 6,3 km dýpi; 17. júní) og hinsvegar í Flóa í Hraungerðishreppi, skammt sunnan Hestfjalls (63.98°N og 20.71°V á 5,1 km dýpi; 21. júní). Vægisstærð ("móment stærð") skjálftanna var svipuð eða í kringum 6,4, en fyrri skjálftinn stóð yfir í lengri tíma.¹⁶ Áhrif skjálftanna voru mikil og fundust víða. Eignatjón var mikið á svæðum næst upptökunum, einkum á íbúðarhúsum, útihúsum, sumarhúsum, samgöngumannvirkjum, veitukerfum og landi.

Eignatjón var verulegt í syðri hluta sveitarfélagsins, einkum á Skeiðum, enda upptök beggja skjálftanna nærri byggð í sveitinni.¹⁷ Meðal annars leiddu jarðskjálftarnir til þess að íþróttahús við grunnskólann á Brautarholti varð ónothæft og er nú lokið byggingu nýs íþróttahúss og viðbyggingar við grunnskólann. Eignatjón varð einnig á nokkrum bæjum norðar í sveitarfélaginu, t.d. á Stöðulfelli og Þrándarholti, einkum í fyrri skjálftanum 17. júní. Samkvæmt skýrslu Almannafræðisins frá 1978 liggja Skeið á fyrsta (syðsti hlutinn), öðru (miðhlutinn) og þriðja áhættusvæði (nyrsti hlutinn), þar sem styrkur skjálfta getur orðið á bilinu 9 til 11 stig á Mercalli kvarða. Stærsti hluti framsveitar Gnúpverjahrepps liggur á öðru áhættusvæði (10 stig á

¹⁵ Ragnar Stefánsson, Gunnar B. Guðmundsson, Páll Halldórsson: "Jarðskjálftarnir miklu á Suðurlandi 17. og 21. júní, 2000, Veðurstofu Íslands, júlí 2000 (www.vedur.is/ja/skyrslur)

¹⁶ Ragnar Stefánsson, Gunnar B. Guðmundsson, Páll Halldórsson: "Jarðskjálftarnir miklu á Suðurlandi 17. og 21. júní, 2000, Veðurstofu Íslands, júlí 2000, bls. 2 og 3.

¹⁷ Sjá umfjöllun í *Morgunblaðinu*, C1-C24/20.júní 2000 og B1-B12/22.júní 2000.

Mercalli) en norðurhluti sveitarinnar liggur á þriðja áhættusvæði.¹⁸ Átta til níu stig á Mercalli kvarða þýða að mannvirki taka að eyðileggjast og manntjón getur orðið.¹⁹ Áhrif vegna jarðskjálfta geta því orðið mikil í Skeiða- og Gnúpverjahreppi í stærstu skjálftum, en hversu mikil þau verða ræðst af því hvar upptök skjálftans verða á beltinu hverju sinni. Í annálum er getið um 37 jarðskjálfta á Suðurlandi sem hafa verið svo sterkir að hús hafi hrunið. Í fjórum tilvikum er getið um að hús hafi hrunið á Skeiðum, í jarðskjálftum 1339, 1614, 1784 og 1896, en í tveimur tilvikum í Hreppum, 1784 og 1896.²⁰

Ekki er unnt á grundvelli fyrirbyggjandi gagna og e.t.v. yfirleitt ekki raunhæft að reyna að skilgreina og flokka sérstök "þröng" hættusvæði vegna jarðaskjálfta. Óvissa um hvar upptök skjálfta verða, tímalengd milli skjálfta og mismunandi áhrif þeirra eftir jarðlögum ráða hér miklu um.²¹ Hinsvegar er mögulegt að setja ákveðnar reglur sem fara þarf eftir við stefnumótun í aðalskipulagi, gerð deiliskipulags, veitingu byggingarleyfa og við byggingareftirlit. Við skipulag íbúðarlóða og staðsetningu bygginga almennt verður að gæta þess að undirlag hafi verið rannsakað gaumgæfilega m.t.t. áhrifa í jarðskjálftum (sjá ÍST 13/1989). Nauðsynlegt er að hyggja vel að undirstöðum bygginga og gæta þess að ekki séu sprungur, mishæðir eða stallar undir sökklum húsa. Þá þarf að kortleggja nákvæmar sprungusvæði sem liggja á svæðinu, einkum á Skeiðum.

Að öðru leyti er vísað til skýrsla Veðurstofu Íslands: "Jarðaskjálftarnir miklu á Suðurlandi 17. og 21 júní, 2000", eftir Ragnar Stefánsson, Gunnar B. Guðmundsson og Páll Halldórsson (www.vedur.is/ja/skyrslur) og "Lærdómar af Suðurlandsskjálftunum 2000" eftir Ragnar Stefánsson, Gunnar B. Guðmundsson, Pál Halldórsson og Þórunni Stefánsdóttur (www.vedur.is/ja/verk/). Gerður fyrirvari á að enn er ólokið að vinna úr hluta af hinum miklu gögnum sem söfnuðust í jarðskjálftunum sumarið 2000. Í lokakafla fyrri skýrslunnar segir: "Það er eðlilegt að líta svo á að uppbygging spennuorku í Suðurlandsskjálftabeltinu frá því um 1900 og þar til nú hafi ekki verið orðin nægilega mikil til að hún dygði til að leysa út skjálfta á austasta hluta svæðisins, þ.e.a.s. af stærðinni 7 eða þar um bil. Það er ekki ólíklegt að slíkur skjálfti muni leysast úr læðingi á næstu áratugum, vegna þeirrar spennuorku sem enn er eftir á því svæði, og sem mun halda áfram að byggjast upp með tímanum."

Landbrot og flóðahætta:

Í gegnum tíðina hefur verið töluvert landbrot meðfram meginfljóttunum Þjórsá og Hvíta. Landbrots hefur einnig gætt meðfram Stóru-Laxá en þar er búið að breyta farveginum og fækka kvíslunum. Þjórsá hefur brotið land á Skeiðum, allt frá Murneyrum og fram undir Kálfhól og í Gnúpverjahreppi á ... Landbrot vegna vatnavaxta í Þjórsá hefur þó minnkað á undanförunum árum. Hvíta hefur brotið land á svæðinu frá Bauluós og norður fyrir bæinn að Fjalli.

Landsvirkjun hefur reist varnargarða með Þjórsá og grjóti hefur verið keyrt í bakka Hvítar til að draga úr landbroti þar.

¹⁸Almannavarnir ríkisins: *Landskjálftar á Suðurlandi*, 1978, (mynd 4), bls. 18.

¹⁹Þorleifur Einarsson: *Jarðfræði*, 1985, bls. 85.

²⁰Almannavarnir ríkisins: *Landskjálftar á Suðurlandi*, 1978, (mynd 4), bls. 10. Hafa ber í huga að annálar fyrir 1700 eru mis ábyggilegir.

²¹ Sbr. fundur skipulagsráðgjafa með prófessor Ragnari Sigbjörnssyni 23. apríl 2001.

Náttúruvá vegna Heklugosa:

Heklugos hafa í gegnum aldirnar valdið stórfelldum gróðurskemmdum í Gnúpverjahreppi og þá sérstaklega í Þjórsárdal.

Skriðuföll:

Heimildir eru um skriðuhlaup á tveimur stöðum í Skeiða- og Gnúpverjahreppi, úr Hagafjalli 1. ágúst 1949 og í Fossdal 14. maí 1980. Um skriðuhlaupið úr Hagafjalli árið 1949 segir:

Þann 1. ágúst, um klukkan 15, dundi yfir óvenjulega stórfelld rigning í uppsveitum Árnæssýslu. Úrfelli þetta mun hafa líkst mest skýfalli. Eftir að það hafði varað í 5-10 mínútur hljóp vöxtur í hverja lækjarsytru, og urðu þær brátt með öllu ófærar yfirferðar og báru fram rjót og sand. Regnið mun hafa orðið mest um klukkan 17, en mun annars aðeins hafa varað tiltölulega skamma hríð á hverjum stað. Logn var að mestu. Vegurinn milli Haga og Ásólfstaða í Þjórsárdal liggur austan undir Hagafjalli, inn yfir Gaukshöfða og austur undir Bringu. Á þessari leið er Hagafjall mjög bratt, og skiptast þar á breiðar grasbrekkur, er ná víða upp í hamra, og skriður. Á allri þessari leið, frá Haga og inn fyrir Bringu, urðu stórspjöll af skriðuhlaupum, og tepptist umferðin með öllu. Við athugun, sem fram fór í sambandi við ruðning vegar yfir skriðurnar, taldist svo til, að um 100 skriður hefðu fallið úr fjallinu austanverðu og talið tveggja daga verk með jarðytu að gera þær færar bifreiðum. Á svæðinu frá Líkneyjarbrekkum og inn undir Lækjarholt var neðan við bröttustu brekkuna um 300 m samfelld skriðubreiða. Upptök hennar voru í mörgum, afardjúpum og þröngum farvegum ofan undan hömrum, en runnu saman í eitt neðar. Að vestanverðu í Hagafjalli voru spjöllin eigi minni. Þar höfðu breiðar jarðspildur fallið frá brún og niður á slétt, sú breiðasta um 100 m, og víða var jarðvegurinn sprunginn frá brúnum, en hafði þó ekki hlaupið fram. Austan í fjallinu, þar sem mest kvað að skriðunum, voru skriðuförin þröng ofantil, oft aðeins 1-2 m á breidd, en gátu verið dýpri en þau voru breið, oft með lóðréttar hliðar eða holbekkt. Vafalaust hafa skriður oft áður fallið úr Hagafjalli, þótt ekki hafi það orðið, svo vitað sé, í tugi ára, en engar sögur fara að jafn stórfelldum skriðuhlaupum þar, sem þessi voru.²²

Um skriðuna í Fossdal árið 1980 segir:

Um miðnætti þann 14. maí féll skriða í svonefndum Fossdal, sem er inn af Þjórsárdal. Við skriðufallið stíflaðist Fossá og þornaði skyndilega, sem má lesa af línuriti úr vatnshæðarmæli Orkustofnunar við ána. Þegar skriðustíflan brast nokkrum dögum seinna, kom flóð í ána. Skriðan féll rétt utan við unglegt berghlaup á dalnum og efst í skriðuörinu losnuðu töluverðar bergfyllur og hlupu fram. Hér er því um að ræða blöndu af skriðu og berghlaupi. Árni Hjartarson, jarðfræðingur, sem kannaði verksummerki, telur að innan tíðar muni berghlaup verða úr þessari hlíð dalsins. Þetta byggir Árni á stórum sprungum og stallasigi í hamrabrúnunum ofan við berghlaupið og stöðugum undangreftri Fossár.²³

²² Ólafur Jónsson/Halldór G. Pétursson (1992): *Skriðuföll og snjóflóð. II. bindi. Skriðuannáll*, bls. 271-272.

²³ Ólafur Jónsson/Halldór G. Pétursson (1992): *Skriðuföll og snjóflóð. II. bindi. Skriðuannáll*, bls. 363-364.

2. Menningarminjar – skráning og flokkun (drög)²⁴:

2.1. Byggðasaga - yfirlit

Sögu byggðar í Skeiða og Gnúpverjahreppi verða ekki gerð heildstæð skil í þessari greinargerð. Slíkt væri of umfangsmikið auk þess sem henni hefur verið gerð skil í ýmsum útgefnum ritum.²⁵ Sögu byggðar í Skeiða- og Gnúpverjahreppi má rekja til landnámstíma. Ólafur Tvennumbrúni nam land á Skeiðum og Þrándur Mjöksiglandi og Þorbjörn Laxakarl voru meðal þeirra sem námu land í Eystra Hreppi. Byggð hófst einnig snemma í Þjórárdal. Sú byggð varð að mestu eldgosum að bráð. Heklugos árið 1104 er talið hafa grandað öllum bæjum í Þjórárdal nema Skriðufelli, Ásólfstöðum og Sandártungu, en þeir bæir munu hafa farið í eyði í Heklugosi árið 1693. Þeir voru þó endurreistir fljótlega aftur. Efri byggðarmörk í hreppnum lágu fyrr á öldum mun innar í landinu en nú. Þannig finnast heimildir um býli ofan við Þjórárdal og á Skáldabúðaheiði.

Árið 1709 voru 24 lögbýli á Skeiðum og 16 hjáleigur. Eitt lögbýlanna var í auðn og 11 hjáleigur voru í eyði. Árið 2003 eru 51 býli í ábúð á Skeiðum, þar af búrekstur á 40-45 býlum. Árið 1709 voru 34 lögbýli í Eystra Hreppi (Gnúpverjahreppi), þar af 25 í byggð. Af 9 lögbýlum sem voru í eyði, voru átta í Þjórárdal en Skáldabúðir eru eina eyðibýlið 1709 sem er lögbýli í dag. Þrjár hjáleigur voru í byggð árið 1709 en 14 hjáleigur og önnur afbýli í eyði. Alls voru því skráð 50 býli árið 1709 í Eystra Hreppi, þar af 28 í byggð. Árið 2003 eru 53 lögbýli í Eystra Hreppi, þar af tvíbýli á tveimur lögbýlum. Alls eru því 104 lögbýli í Skeiða- og Gnúpverjahreppi árið 2003 samanborið við 56 býli í byggð, auk 34 eyðibýla, árið 1709.

2.2. Skráning menningarminja og fornleifa

Fornleifar eru skilgreindar með eftirfarandi hætti í þjóðminjalögum (nr. 107/2001):

- a. búsetulandslag, byggðaleifar, bæjarstæði og bæjarleifar ásamt tilheyrandi mannvirkjum og öskuhaugum, húsaleifar hvers kyns, svo sem kirkna, bænahúsa, klaustra og búða, leifar af verbúðum, naustum, verslunarstöðum og byggðaleifar í hellum og skútum;
- b. vinnustaðir þar sem aflað var fanga, svo sem leifar af seljum, verstöðvum, bólum, mógröfum, kolagröfum og rauðablæstri;
- c. gömul tún- og akurgerði, áveitumannvirki og leifar eftir veiðar til sjávar og sveita;
- d. gamlir vegir, stíflur, brýr, vatnsvöð, varir, hafnir og bátalægi, slippir, ferjustaðir, kláfar, vörður og vitar og önnur vega- og siglingamerki ásamt kennileitum þeirra;
- e. virki og skansar og önnur varnarmannvirki;
- f. gamlir þingstaðir, meintir hörgar, hof og vé, brunnar, uppsprettur, álagablettir og aðrir staðir og kennileiti sem tengjast siðum, venjum, þjóðtrú eða þjóðsagnahefð;

²⁴ Í eftirfarandi yfirliti er ekki að finna þær fjölmörgu menningarminjar sem skráðar hafa verið í tengslum við einstakar framkvæmdir og mat á þeim (sjá lista yfir skýrslur um fornleifaskráningu í 16. kafla greinargerðar).

²⁵ Sjá *Sunnlenskar byggðir*, Jón Guðmundsson: "Skeiðahreppur" bls. 406-432, ... "Gnúpverjahreppur"; ... *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns*, II. bindi, Guðni Guðmundsson (1840): "Ólafsvallasókn", bls. 81-86 og Guðmundur Vigfússon (1841): "Stóranúpsókn", bls. 89-105, í *Árnessýsla. Sýslu- og sóknalýsingar*.

- g. áletranir, myndir eða önnur verksummerki af manna völdum í hellum eða skútum, á klettum, klöppum eða jarðföstum steinum og minningarmörk í kirkjugörðum;
- h. haugar, dysjar og aðrir greftrunarstaðir úr heiðnum og kristnum sið;
- i. skipsflök eða hlutar úr þeim;

Skráning menningarminja í Skeiða- og Gnúpverjahreppi:

Saga þjóðarinnar er ekki aðeins skráð í fornum handritum og bókum. Mannvistarleifar í jörðu sem varpa ljósi á lífnaðarhætti og samfélag fyrri alda eru að finna um allt land. Í jörðu liggur hafsjór menningarsögulegs fróðleiks sem fram á síðustu ár hefur verið látið kannaður. Sú vitneskja er ekki fyrirbyggjandi hversu margar fornleifar eru til í landinu né hversu margar þeirra hafa eyðilagst eða raskast við mannvirkjagerð í gegnum tíðina.

Fullkomin fornleifaskráning með tilheyrandi vettvangsathugunum og kortlagningu fornleifa er býsna tímafrek og kostnaðarsöm og því hefur oft verið látið duga í aðalskipulagi að gefa yfirlit yfir þekktar fornleifar samkvæmt rituðum heimildum og munnmælum en frekari skráningu og athugunum vísað í deiliskipulag.

Skrár yfir fornleifar, gamlar þjóðleiðir og götur og sögustaði (m.a. álagabletti) koma í góðar þarfir við alla skipulagsgerð og mannvirkjagerð, hvort sem verið er að leggja nýjan veg, reisa virkjun, byggja sumarbústað eða framræsa nýtt land til ræktunar. Þekking á tilvist fornminja og á þeirri sögu sem hver staður eða svæði hefur að geyma er ennfremur mikilvæg í því skyni að skapa svæðum aðdráttarafl sem áhugaverðir skoðunarstaðir og þar með til að efla uppbyggingu ferðaþjónustu á svæðinu.

Í Skeiða- og Gnúpverjahreppi hefur ekki farið fram kerfisbundin skráning fornleifa í öllu sveitarfélaginu. Hinsvegar hafa fram ítarlegar athuganir á afmörkuðum svæðum, einkum í tengslum við einstakar framkvæmdir; á vegum Þjóðminjasafns vegna vegaframkvæmda í Gaukshöfða, í Þjórsárverum á vegum Bjarna F. Einarssonar vegna virkjanaframkvæmda og á hugsanlegu virkjanasvæði Þjórsár við Núp á vegum Fornleifastofnunar Íslands og við Urriðafoss.²⁶ Á Skeiðum hefur Jón Eiríksson í Vorsabæ lengi unnið að skráningu menningarminjar, auk örnefnaskráningar, og er það mjög mikilvægur grunnur að formlegri skráningu menningarminja á svæðinu (sjá þemakort sem sýnir menningarminjar samkvæmt munnlegum heimildum Jónss).²⁷

Um og eftir síðustu öld fóru fram ítarlegar athuganir á fornleifum í Þjórsárdal og þar er fjöldi kunnra menningarminja verulegur. Fjöldi friðlýstra fornleifa í Þjórsárdal undirstrikar hversu vel það svæðið hefur verið rannsakað í gegnum tíðina. Vandfundið mun það svæði á landinu, þar sem farið hafa fram jafn yfirgripsmiklar og ítarlegar fornleifarannsóknir og í Þjórsárdal. Vitað er um stæði vel á þriðja tug fornra bæja, sem velflestir fóru í eyði í Heklugosi árið 1104, en sumir þó ekki fyrr en á 17. og 18. öld. Talið er að samtímis hafi verið allt að 15 bæir í dalnum. Brynjólfur Jónsson frá Minna-Núpi skrifaði ítarlega grein um forn bæjarstæði í Þjórsárdal í *Árbók hins íslenska*

²⁶ Sjá www.landsvirkjun.is.

²⁷ Þá er vert að geta nýlegrar bókar Bjarna Harðarsonar: *Landið, fólkid og þjóðtrúin. Árnessýsla, Skeiðahreppur* bls. 270-278 og Gnúpverjahreppur, bls. 254-269. Einnig ritgerðar Steinars Helgasonar: "Leit eftir förum-Náttstaðir á Gnúpverjaafreitti", í *Árnesingi. Rit I*, Sögufélag Árnesinga 1990, bls. 165-173. Ennfremur skráningar menningarminja sem fór fram í tengslum við svæðisskipulag Miðhálandis og unnin var af Fornleifastofnun Íslands.

*Fornleifafélags 1884-85*²⁸, og Þorsteinn Erlingsson skrifaði um uppgröft, sem hann stundaði með Brynjólfi. Norrænn vísindamannahópur framkvæmdi viðamestu rannsóknina sumarið 1939, en þá voru nokkrar rústir grafnar upp. Sigurður Þórarinnsson, land- og jarðfræðingur og Jón Steffensen læknir og sagnfræðingur komu að þessum rannsóknum. Niðurstöður þessara rannsókna birtust í miklu riti "*Forntida gárdar í Island*" (1943).²⁹

Þó svo að vitneskjan um hina fjölmennu byggð í dalnum fyrir Heklugosið sé fyrir hendi, þá hvílir heillandi leynd og dulúð yfir þessu horfna samfélagi, því velflestar heimildir byggjast á munnmælasögum og lítið er til af varðveittum heimildum í rituðu máli. Víst er að sú þekking sem aflað hefur verið um hin fornu býli með fornleifagreftri, gefur dalnum mikið gildi. Hin heillega rúst Stangarbæjarins, sem er öllum opin undir þaki, er vinsæll viðkomustaður ferðamanna. Staðurinn er þó ekki undir daglegu eftirliti. Hópur áhugamanna hefur tekið að sér merkingu fornra bæjarstæða ferðamönnum til fróðleiks og til þess að staðsetningar týnist ekki. Sumar rústirnar eru hætt komnar, ýmist vegna landrofs eða vaxtar skógarins. Aðrar eru þannig settar að þeim stafar hætta af utanvegaakstri. Takmarkaðir fjármunir eru til þess að veita rústunum það eftirlit sem æskilegt væri og skiptar skoðanir eru um, hvernig rústirnar séu best varðveittar og að hve miklu leyti eigi að opinbera þær.

Hér að neðan er að finna nokkurs konar forskráningu og flokkun þekktra menningarminja í Skeiða- og Gnúpverjahreppi, eftir rituðum heimildum. Fyllra yfirlit er hægt að gefa ef einnig er farið yfir skráðar menningarminjar sem er að finna í örnefnaskrá og munnlegra heimilda leitað. Formleg fornleifaskráning, unnin af fornleifafræðing, verður síðan að fara fram í tengslum við gerð deiliskipulags á einstökum svæðum og við mat á umhverfisáhrifum framkvæmda. Þær minjar sem eru að finna í fornleifaskrá sem unnar hafa verið fyrir einstök svæði, sbr. umfjöllun, að framan, eru ekki að finna á neðangreindum listum.

A. Bæjarstæði, bæjarleifar og búsetulandslag³⁰:

1. **Fjall.** Gvendarhaugur [Gvendarhóll] svonefndur, allfyrirferðarmikið holt, sem einhvern tíma hefur verið bær á, um 1500 m fram undan bænum í beina stefnu á Útverk. Skjal undirritað af KE 18.10. 1966. Þinglýst 26.10. 1966. [Þorleifshólar í landi Útverks]. – Friðlýst skv. þjóðminjalögum
2. **Fossnes.** Fornar rústir í Sauðhúsdal, garðlög og tóft við Garðabrekku, aflangur hringur og smátóft. Sbr. Árb. 1905: 34; Árb.1894: 10. Skjal undirritað af MÞ 05.05 1927. Þinglýst 07.09. 1927. – Friðlýst skv. þjóðminjalögum

²⁸ Sjá Brynjólf Jónsson: "Um Þjórsárdal", *Árbók hins íslenska fornleifafélags 1885*.

²⁹ Sjá um fornleifarannsóknirnar í formála Sigurjóns Helgasonar að grein Martin Stenberger: "Snjáleifartóftir. Fornar bæjarrústir hjá Haga í Gnúpverjahreppi", í *Árnesingi. Rit III*, Sögufélag Árnesinga 1994, bls. 181-194. Einnig í sama riti Sigurður Þórarinnsson: "Snjáleifartóftir", bls. 195-196. Sjá einnig rannsóknir Kristjáns Eldjárns...

³⁰ Óvíst er um leifar þeirra eyðibýla og annarra fornra býla sem getið er um í yfirliti og eru skráðar eftir Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vísdalíns frá 1709. Leifar margra þessara hjáleigna eru líkega horfnar með öllu, undir tún eða vegna annarra framkvæmda.

3. **Fossnes.** Forn tóft, nefnd Goðatóft, austur á túninu. Sbr. Árb. 1905: 34; Árb.1894: 10. Skjal undirritað af MÞ 05.05 1927. Þinglýst 07.09. 1927. – Friðlýst skv. þjóðminjalögum
4. **Ásólfstaðir.** Rústir Stórólfshlíðar í Þjórsárdal. Sbr. Árb. 1884: 46-47. Skjal undirritað af MÞ 05.05 1927. Þinglýst 07.09. 1927. – Friðlýst skv. þjóðminjalögum
5. **Ásólfstaðir.** Rústir Skallakots í Þjórsárdal. Sbr. Árb. 1884: 46-47. Skjal undirritað af MÞ 05.05 1927. Þinglýst 07.09. 1927. – Friðlýst skv. þjóðminjalögum
6. **Hagi.** Fornleg bæjarrúst í Þjórsárdal, nefnd Snjáleifartóftir. Sbr. Árb. 1884-1885: 46. Skjal undirritað af MÞ 05.05 1927. Þinglýst 07.09. 1927. – Friðlýst skv. þjóðminjalögum
7. **Hof.** Fornar rústir fyrir vestan hlaðbrekkuna á Minna-Hofi. Sbr. Árb. 1905: 33. Skjal undirritað af MÞ 15.04 1929. Þinglýst 30.06. 1938. – Friðlýst skv. þjóðminjalögum
8. **Hamarsheiði.** Lómsstaða-rúst, í grastorfu milli tveggja gilja, er falla saman og mynda Lómsstaðalæk. 2. Ásaselsrúst, við útfall Lómsstaðalækjar í Tungnaá. Skjal undirritað af MÞ 05.05 1927. Þinglýst 07.09. 1927. – Friðlýst skv. þjóðminjalögum
9. **Hamarsheiði.** Ásaselsrúst, við útfall Lómsstaðalækjar í Tungnaá. Skjal undirritað af MÞ 05.05 1927. Þinglýst 07.09. 1927. – Friðlýst skv. þjóðminjalögum
10. **Laxárdalur.** Rústir Miðfells. Þær eru á flötum móa fyrir sunnan djúpt gil, sem er sunnan undir Miðfelli, fast við það. Sbr. Árb. 1886: 2. Skjal undirritað af MÞ 05.05 1927. Þinglýst 07.09. 1927. – Friðlýst skv. þjóðminjalögum
11. **Núpur.** Dofrastaðir, gömul bæjarrúst, og tvær aðrar tóftir, og aflöng girðing norðaustanundir holtinu. Sbr. Árb. 1898, fylgirit: myndablað xxi. Skjal undirritað af MÞ 15.04 1929. Þinglýst 30.06. 1938. – Friðlýst skv. þjóðminjalögum
12. **Skriðufell.** Rústir Áslákstungu fremri. Sbr. Árb. 1884-1885: 47-48. Skjal undirritað af MÞ 05.05 1927. Þinglýst 07.09. 1927. – Friðlýst skv. þjóðminjalögum
13. **Skriðufell.** Rústir Áslákstungu innri. Sbr. Árb. 1884-1885: 47-48. Skjal undirritað af MÞ 05.05 1927. Þinglýst 07.09. 1927. – Friðlýst skv. þjóðminjalögum
14. **Skriðufell.** Rústir Karlsstaða. Sbr. Árb. 1884-1885: 47-48. Skjal undirritað af MÞ 05.05 1927. Þinglýst 07.09. 1927. – Friðlýst skv. þjóðminjalögum
15. **Skriðufell.** Rústir í Fagraskógi. Sbr. Árb. 1884-1885: 47-48. Skjal undirritað af MÞ 05.05 1927. Þinglýst 07.09. 1927. – Friðlýst skv. þjóðminjalögum
16. **Skriðufell.** Rústir í Grjótárkróknum, sunnan í melöldu fyrir innan Seljamýri. Sbr. Árb. 1884-1885: 47-48. Skjal undirritað af MÞ 05.05 1927. Þinglýst 07.09. 1927. – Friðlýst skv. þjóðminjalögum
17. **Steinsholt.** Ófeigsstaðarúst, neðarlega í vesturtúni hjáleigunnar Bala. Sbr. Árb. 1905: 31. Skjal undirritað af MÞ 05.05 1927. Þinglýst 07.09. 1927. – Friðlýst skv. þjóðminjalögum

18. **Þjórsárholt.** Alviðra, gömul kotrúst í litlum hvammi norðvestan undir holtinu. Sbr. Árb. 1905: 32. Skjal undirritað af MÞ 15.04 1929. Þinglýst 30.06. 1938. – Friðlýst skv. þjóðminjalögum
19. **Ölmóðsey (í Þjórsá).** Rúst í Ölmóðsey og girðingar um. Sbr. Árb. 1905: 33. Skjal undirritað af MÞ 15.04 1929. Þinglýst 30.06. 1938. – Friðlýst skv. þjóðminjalögum
20. **Afréttarland.** Fossárdals-rúst á Skeiðaafrétti, miðhluta Þjórsárdals. Sbr. Árb. 1885: 48-54; Árb. 1897: 21. Skjal undirritað af MÞ 20.06. 1927. Þinglýst 07.09. 1927. – Friðlýst skv. þjóðminjalögum
21. **Afréttarland.** Rauðukamba-rúst á Skeiðaafrétti, miðhluta Þjórsárdals. Sbr. Árb. 1885: 48-54; Árb. 1897: 21. Skjal undirritað af MÞ 20.06. 1927. Þinglýst 07.09. 1927. – Friðlýst skv. þjóðminjalögum
22. **Afréttarland.** Rústir Lópræla tveggja á Skeiðaafrétti, miðhluta Þjórsárdals. Sbr. Árb. 1885: 48-54; Árb. 1897: 21. Skjal undirritað af MÞ 20.06. 1927. Þinglýst 07.09. 1927. – Friðlýst skv. þjóðminjalögum
23. **Afréttarland.** Rústir Bergálfsstaða [Bergólfsstaða] á Skeiðaafrétti, miðhluta Þjórsárdals. Sbr. Árb. 1885: 48-54; Árb. 1897: 21. Skjal undirritað af MÞ 20.06. 1927. Þinglýst 07.09. 1927. – Friðlýst skv. þjóðminjalögum
24. **Afréttarland.** Rústir Sandatungu á Skeiðaafrétti, miðhluta Þjórsárdals. Sbr. Árb. 1885: 48-54; Árb. 1897: 21. Skjal undirritað af MÞ 20.06. 1927. Þinglýst 07.09. 1927. – Friðlýst skv. þjóðminjalögum
25. **Afréttarland.** Lambhöfðarúst á Skeiðaafrétti, miðhluta Þjórsárdals. Sbr. Árb. 1885: 48-54; Árb. 1897: 21. Skjal undirritað af MÞ 20.06. 1927. Þinglýst 07.09. 1927. – Friðlýst skv. þjóðminjalögum
26. **Afréttarland.** Rústir Sámstaða á Gnúpverjafrjetti, austurhluta Þjórsárdals. Skjal undirritað af MÞ 20.06. 1927. Þinglýst 07.09. 1927–Friðlýst skv. þjóðminjalögum
27. **Afréttarland.** Rústir Skeljastaða á Gnúpverjafrjetti, austurhluta Þjórsárdals. Skjal undirritað af MÞ 20.06. 1927. Þinglýst 07.09. 1927–Friðlýst skv. þjóðminjalögum
28. **Afréttarland.** Rústir Steinastaða á Gnúpverjafrjetti, austurhluta Þjórsárdals. Skjal undirritað af MÞ 20.06. 1927. Þinglýst 07.09. 1927–Friðlýst skv. þjóðminjalögum
29. **Afréttarland.** Rústir Stangar á Gnúpverjafrjetti, austurhluta Þjórsárdals. Skjal undirritað af MÞ 20.06. 1927. Þinglýst 07.09. 1927–Friðlýst skv. þjóðminjalögum
30. **Afréttarland.** Rústir þar sem heita Gljáskógar á Gnúpverjafrjetti, austurhluta Þjórsárdals. Skjal undirritað af MÞ 20.06. 1927. Þinglýst 07.09. 1927–Friðlýst skv. þjóðminjalögum
31. **Afréttarland.** Rústir Lepparstaða tveggja á Gnúpverjafrjetti, austurhluta Þjórsárdals. Skjal undirritað af MÞ 20.06. 1927. Þinglýst 07.09. 1927–Friðlýst skv. þjóðminjalögum
32. **Kílhraunskot.** Skráð eyðibýli í Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, II. bindi, bls. 184.
33. **Háholtskot** [Skeiðháholt]. Skráð eyðibýli í Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, II. bindi, bls. 186.
34. **Gata** [Ólafsvöllum]. Skráð eyðibýli í Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, II. bindi, bls. 190.

35. **Brenna** [Ólafsvöllum]. Skráð eyðibýli í Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, II. bindi, bls. 190.
36. **Brúnavallakot**. Skráð eyðibýli í Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, II. bindi, bls. 194.
37. **Strútur** [Syðri-Brúnavöllum]. Skráð eyðibýli í Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, II. bindi, bls. 195.
38. **Oddleifskot**. [Syðri-Brúnavöllum]. Skráð eyðibýli í Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, II. bindi, bls. 195.
39. **“Ossabæjarhjáleiga**. [Vorsabær]. [Syðri-Brúnavöllum]. Skráð eyðibýli í Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, II. bindi, bls. 195.
40. **Miðbæli** [Fjall]. Skráð eyðibýli í Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, II. bindi, bls. 199.
41. **Norðurhjáleiga** [Sandlækur]. Skráð í Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, II. bindi, bls. 205.
42. **Moðgerði**. [Sandlækur]. Skráð eyðibýli í Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, II. bindi, bls. 205.
43. **Sigurðarhóll** [Þrándarholt]. Skráð eyðibýli í Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, II. bindi, bls. 206.
44. **Vallkot** [“Stóra-Hof”]. Skráð eyðibýli í Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, II. bindi, bls. 208.
45. **Skammbeinsstaðakot** [“Stóra-Hof”]. Skráð eyðibýli í Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, II. bindi, bls. 209.
46. **Hátún** [Minni-Núpur]. Skráð eyðibýli í Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, II. bindi, bls. 213.
47. **Sandártunga** [Skriðufell]. Skráð eyðibýli í Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, II. bindi, bls. 217.
48. **Ásakot** [Ásar]. Skráð eyðibýli í Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, II. bindi, bls. 220.
49. **Gata** [Steinsholt]. Skráð eyðibýli í Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, II. bindi, bls. 223.
50. **Ófeigsstaðir** [Steinsholt]. Skráð eyðibýli í Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, II. bindi, bls. 224.
51. **Bali** [Steinsholt]. Skráð eyðibýli í Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, II. bindi, bls. 224.
52. **Glóra** [Háholt]. Skráð í Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, II. bindi, bls. 230.
53. **Háholtsás/Trénesmúli**[Háholt]. Skráð eyðibýli í Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, II. bindi, bls. 230.
54. **Skarðshali** [Skarð]. Skráð eyðibýli í Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, II. bindi, bls. 231.
55. **Afréttarland** [Hólaskógur]. Samkvæmt svæðisskipulagi miðhálandis 2015.
56. **Afréttarland** [Gæsaréttir í Þjórsárverum]. Samkvæmt svæðisskipulagi miðhálandis 2015.

B. Gamlir þingstaðir, meintir hörgar, hof og vé, haugar

1. **Fjall.** Hoftóftar-leifar á hjallabrunn við efri túnjaðar, hjá klettum er kallast Hafklettur [Hofklettur]. Sbr. Árb. 1894: 9-10. Skjal undirritað af MÞ 05.05. 1927. Þinglýst 07.09. 1927. – Friðlýst skv. þjóðminjalögum
2. **Árnes (eyja í Þjórsá).** Hinn svo-nefndi dómhringur í Árnesinu. Sbr. Árb. 1894: 12-23. Skjal undirritað af MÞ 15.04. 1929. Þinglýst 30.06. 1938. – Friðlýst skv. þjóðminjalögum
3. **Hof.** Þingbúða-tóftir, um 30 að tölu á Árnesþingstað hinum forna. Sbr. Árb. 1905: 33. Skjal undirritað af MÞ 15.04. 1929. Þinglýst 30.06. 1938. – Friðlýst skv. þjóðminjalögum
4. **Sandlækur.** Goðalág, svo nefnd, forn tóft á Goðavelli, nyrst í túninu. Sbr. Árb. 1884: 10. Skjal undirritað af MÞ 05.05. 1927. Þinglýst 07.09. 1927. – Friðlýst skv. þjóðminjalögum
5. **Álfsstaðir.** Tvö kuml. Samkvæmt ábendingum landeigenda og Jóns Eiríkssonar. (M6 á þemakorti 7)

C. Túngarðar og ýmsar minjar um búskaparhætti

1. **Fossnes.** Akurreitur lítil í brattri brekku sunnan í Skorhól, suðvestast í túnfæti. Sbr. Árb. 1905: 34; Árb.1894: 10. Skjal undirritað af MÞ 05.05. 1927. Þinglýst 07.09. 1927. – Friðlýst skv. þjóðminjalögum
2. **Hof.** Tvö forn garðlög og girðing áföst við hið vestara; þau liggja ofan frá móahæð fyrir austan túnið á Minna-Hofi ofan að Þjórsá, samhliða og eigi langt á milli. Sbr. Árb. 1905: 33. Skjal undirritað af MÞ 15.04. 1929. Þinglýst 30.06. 1938. – Friðlýst skv. þjóðminjalögum
3. **Núpur.** Aðalgarður fyrir neðan túnin og mýrina þar á milli, enda í Hátúni. 2. Girðing, áföst við aðalgarðinn fyrir neðan túnið. Sbr. Árb. 1898, fylgirit: myndablað xxi. Skjal undirritað af MÞ 15.04. 1929. Þinglýst 30.06. 1938. – Friðlýst skv. þjóðminjalögum
4. **Núpur.** Girðing, áföst við aðalgarðinn fyrir neðan túnið. Sbr. Árb. 1898, fylgirit: myndablað xxi. Skjal undirritað af MÞ 15.04. 1929. Þinglýst 30.06. 1938. – Friðlýst skv. þjóðminjalögum
5. **Núpur.** Garðlagsstúfur fyrir neðan aðalgarðinn vestan við Minni-Núpstún og framhald þess til suðurs frá alfaraveginum að Þjórsá. Sbr. Árb. 1898, fylgirit: myndablað xxi. Skjal undirritað af MÞ 15.04. 1929. Þinglýst 30.06. 1938. – Friðlýst skv. þjóðminjalögum
6. **Núpur.** Garðlög tvö frá veginum við Minna-Núpstún fram að Þjórsá og þvergarður nær túninu milli þeirra. Hið suðvestara er framhald aðalgarðs, en beygist vesturávið. Sbr. Árb. 1898, fylgirit: myndablað xxi. Skjal undirritað af MÞ 15.04. 1929. Þinglýst 30.06. 1938. – Friðlýst skv. þjóðminjalögum
7. **Núpur.** Girðing stór, nefnd Ólafsgærði á hjalla undir núpnum fyrir ofan tún á Minna-Núpi; í austurenda hennar eru smágirðingar. Sbr. Árb. 1898, fylgirit: myndablað xxi. Skjal undirritað af MÞ 15.04. 1929. Þinglýst 30.06. 1938. – Friðlýst skv. þjóðminjalögum
8. **Skaftholt.** Garðlag fornt, sem liggur vestan frá Kálfá austur að Þjórsárholti, fyrir norðan Alviðru. Skjal undirritað af MÞ 05.05. 1927. Þinglýst 07.09. 1927. – Friðlýst skv. þjóðminjalögum

9. **Skaftholt.** Akurgirðing fyrir vestan niðurtúnið, mjó og löng, og lítil tóft við enda hennar. Skjal undirritað af MÞ 05.05 1927. Þinglýst 07.09. 1927. – Friðlýst skv. þjóðminjalögum
10. **Þjórsárholt.** Garður um þveran hamarinn að framanverðu, við kotrústir í Alviðru. Sbr. Árb. 1905: 32. Skjal undirritað af MÞ 15.04 1929. Þinglýst 30.06. 1938. – Friðlýst skv. þjóðminjalögum
11. **Reykjaréttir á Skeiðum.** Samkvæmt ábendingum landeigenda og Jóns Eiríkssonar. (M5 á þemakorti 7)
12. **Skaftholtsréttir.** Réttir hlaðnar úr hraungrýti. Samkvæmt ábendingum landeigenda og Jóns Eiríkssonar. (M9 á þemakorti 7)
13. **Framnes.** Minjar um rjórabú. Samkvæmt ábendingum landeigenda og Jóns Eiríkssonar. (M8 þá þemakorti 7)

D. Samgöngu- og veitumannvirki

1. **Hof.** Vatnsveitustokkur forn hjá Stóra-Hofi; hann liggur frá Litla-Hraunsnefi við Kálfá austur að túni. Sbr. Árb. 1905: 33. Skjal undirritað af MÞ 15.04 1929. Þinglýst 30.06. 1938. – Friðlýst skv. þjóðminjalögum
2. **Brjánsstaðir.** Leifar brúar. Samkvæmt ábendingum landeigenda og Jóns Eiríkssonar. (M3 á þemakorti 7)

E. Miðstöðvar gangnamanna á afréttinum³¹

1. **Grímsstaðir.** Samkvæmt svæðisskipulagi miðhálandis 2015.
2. **Skillandsfítjar.** Samkvæmt svæðisskipulagi miðhálandis 2015.
3. **Gljúfurleit.** Samkvæmt svæðisskipulagi miðhálandis 2015.
4. **Loðnaver.** Samkvæmt svæðisskipulagi miðhálandis 2015.
5. **Kjálkaver.** Samkvæmt svæðisskipulagi miðhálandis 2015.
6. **Bólstaður.** Samkvæmt svæðisskipulagi miðhálandis 2015.

F. Álagablettir og þjóðsagnastaðir

Yfirlit yfir álagabletti og þjóðsagnastaði má finna í nýlegri bók Bjarna Harðarsonar: *Landið, Fólkið og Þjóðtrúin. Árnessýsla*, (bls. 254-278. kort bls. 256-257 og 278). Eftirfarandi yfirlit er unnið úr því riti. Þar má finna nánari tilvísanir í heimildir, s.s. örnefnaskrár:

1. **Fyrirboði Njálsbrennu á Reykjum á Skeiðum** (bls. 270)
2. **Álfabyggð í Staka klett á Reykjum á Skeiðum** (bls. 270)
3. **Draugaklettur (Bréfa-Þorsteinn) á Sandlækjarkoti** (bls. 270)
4. **Sýruker Bergþórs í Bláfell á Birnustöðum, við Kerhól** (bls. 271)
5. **Valagil og Úlfsgil í Vörðufelli, saga um nafngift** (bls. 271)
6. **Loðsilungur og nykur í Úlfsvatni** (bls. 271)
7. **Harðhaus og Dýjabrekka, álfabyggð í Vorsabæ** (bls. 272)
8. **Fúll, hraunpyttur í Vorsabæjarlandi, sagnastaður** (bls. 272)

³¹ Sjá einnig Steinar Helgason: "Leit eftir förum-Náttstaðir á Gnúpverjaafrétti", í *Árnesingi. Rit I*, Sögufélag Árnesinga 1990, bls. 165-173

9. Hrísluklettur í Vörðufelli, álagablettur (bls. 272)
10. Gráhelludraugurinn og Draugsagjá í Gráhelluhrauni (bls. 273)
11. Skrímsli við Þjórsá, á móts við Herruland (bls. 274)
12. Kárahóll á Hlemmiskeiði, álagablettur (bls. 274)
13. Bjalli í Skeiðháholti, álfabyggð (bls. 275)
14. Grænhóll á Blesastöðum, álagablettur (bls. 275)
15. Stóri Hóll í Borgarkoti, álagablettur (bls. 275)
16. Hesthóll í Björnskoti, álagablettur (bls. 276)
17. Útburður í Selstjörn við Ólafsvallasel (eyðibærinn Mörk) (bls. 276)
18. Krosshóll á Kílhrauni, álfabyggð/álagablettur (bls. 276-277)
19. Skrímsli við Árhraun (Hestfjall) (bls. 277)
20. Álagapúfur í landi Stóra-Hofs (bls. 254)
21. Blíðheimar, þurkkblettur á Stóra Hofi (bls. 254)
22. Búðafoss, blótsteinn og mannfórnir, sagnastaður (bls. 254)
23. Langhamrar, álfabyggð í landi Hælis (bls. 255)
24. Fagrabrekka, álagablettur við Hæli (bls. 256)
25. Ásarani í landi Ása, álfabyggð (bls. 257)
26. Álfabyggð við Laxá (bls. 258)
27. Einbúar, álfabyggð í Vestra-Geldingaholti (bls. 258)
28. Nípa, álagablettur í landi Vestra-Geldingaholts (bls. 258)
29. Brandsgil í Kálfá, draugagil á móts við Stóru-Mástungu (bls. 258)
30. Máshaugur/Máshóll í Mástungunesi í landi Stóru-Mástungu, sagnastaður/álagablettur (bls. 259)
31. Draugur í Borgarmýri, milli Hamarsheiðar og Stóru-Mástungu (bls. 259)
32. Reimuflöt og Reimugil í landi Hamarsheiðar (fornar seltættur í Reimu) (bls. 259)
33. Mönguholt, Moldarskurður, við Tungá, í landi Hamarsheiðar, reimleikar (fornt sel frá Stóra-Núpi) (bls. 259)
34. Hvíld í Hlíðarfjalli, draugastaður (bls. 260)
35. Huldusteinar við Steinholtstréttir, álfabyggð (bls. 260)
36. Ráðsmannahola, undir Markabarði milli Stóra- og Minna-Núps, sagnastaður (bls. 261-262)
37. Þórunnarkelda, við Minna-Núp, sagnastaður (bls. 262)
38. Tóftarústir í Ölmóðsey, undan Minna-Núpi, sagnastaður (bls. 262)
39. Likný – Liknýjarbrekkur/björg/tindur/skál/lækur, í Hagafjalli og Liknýjarhólmi í Þjórsá, tröllasögur (bls. 262)
40. Blakkur, steinn Lats tröllkarls, í Þverá í Blakkdal (bls. 263)
41. Gaukshöfði, Gaukssteinn og Seggjasæti, sagnastaður (bls. 263-264)
42. Bringur, norðan Gaukshöfða, reimleikar (bls. 264)
43. Fossárfoss (Háifoss) í Þjórsárdal, óvættur (bls. 264)
44. Stórkonugróf í Búrfelli, skessubbyggð (bls. 264)
45. Ormssteinn, við Konubrekku í landi Skriðufells, sagnastaður (bls. 264)
46. Starkaðsver og Starkaðssteinn á framanverðum Gnúpverjafrétti, sagnastaður (bls. 265)
47. Hágöngur á Gnúpverjafrétti, útilegumannabyggð (bls. 265)
48. Oddkelsver á Gnúpverjafrétti, útilegumannabyggð (bls. 265)

49. Stórkonugil (sagan af Þuríði Arngeirsdóttur), tröllskessa (bls. 267-268)
50. Áshildarmýri, sögustaður (Flóamannasaga). (M1 á þemakorti 7)
51. Kolslækur, sagnastaður. Samkvæmt Jón Eiríkssyni (M4 á þemakorti 7)
52. Helghóll, sagnastaður, norður af Ólafsvallaseli (Flóamannasaga) Samkvæmt Jón Eiríkssyni (M2 á þemakorti 7)
53. Afréttarland. Arnarfell í Þjórsárverum, útilegumannabústaður. Samkvæmt svæðisskipulagi miðhálandis 2015.

G. Aðrar minjar

Yfirlit um skráðar menningarminjar í Skeiða- og Gnúpverjahreppi:

Friðlýstar fornleifar samkvæmt Þjóðminjalögum eru á 15 jörðum/svæðum, alls 46 minjastaðir (formleg friðun samkvæmt eldri lögum/samkvæmt nýrri lögum eru allar minjar eldri en 100 ára sjálfkrafa friðhelgar).³² Árið 1981 var unnin könnun á vegum Þjóðminjasafns um ástand friðlýstra fornleifa í landinu. Þar kemur fram að ástand þeirra er æði misjafnt eða þær jafnvel horfnar með öllu, enda í mörgum tilvikum langt um liðið síðan staðið var að friðlýsingu þeirra.³³ Friðlýsing fornleifanna fór fram í mörgum tilvikum fyrir meira en 70 árum og ekki ólíklegt að hróflað hafi verið við einhverjum þeirra síðan þá.³⁴

Á Örnefnastofnun er að finnar skrár yfir örnefni fyrir allnokkrar bújarðir og unnin hafa verið kort fyrir sumar jarðirnar³⁵.

Í spurningakönnun á meðal landeigenda í haustið 2002 kemur fram að menningarminjar finnast á eftirfarandi jörðum: Breiðanes, Fossnes, Hæll III, Minni-Núpur, Sandlækjarkot II, Sandlækur II, Skarð II, Stóra-Hof, Stóra-Mástunga II.

³² Sjá *Fornleifaskrá* Þjóðminjasafns frá 1990.


³³ Sjá Ágúst Georg Ólafsson: "Könnun um friðlýstar fornleifar", *Ljóri* 5. árg. 1. tbl. 1984

³⁴ Kanna þarf gögn Þjóðminjasafns úr könnuninni frá 1981 um ástand friðlýstra fornleifa.

³⁵ Samtal við Örnefnastofnun...

SKEIÐA- OG GNÚPVERJAHREPPUR - TILLAGA AÐ AÐALSKIPULAGI 2004-2016



ÞEMA KORT 7, MENNINGARMINJAR (SKV. ÁBENDINGUM)



3. Samfélag – íbúapróun og atvinnulíf (ÓFULLGERÐUR)


3.1. Íbúapróun

Á fyrri hluta 20. aldarinnar verður allnokkur fækkun íbúa í Skeiða- og Gnúpverjahreppi, samhliða miklum vexti þéttbýlis á Suðurlandi og annars staðar á Íslandi. Á 7. áratugnum verður veruleg íbúafjölgun á svæðinu sem helst verður rakin til framkvæmda við Búrfellsstöð og búsetu tengda henni. Frá því á fyrri hluta 8. áratugarins hefur verið nánast stöðug fækkun á svæðinu, -0,4% á ári á Skeiðum og -1,2% á ári í Eystra-Hreppi. Á allra síðstu árum hefur þessi þróun loks verið að snúast við.






Aldursskipting íbúafjöldans:

Aldurssamsetning íbúa Skeiða- og Gnúpverjahrepps fyrir árið 2002 einkennist af háu hlutfalli fólks eldra en 75 ára og háu hlutfalli barna og unglunga á aldrinum 6-15 ára (skólaaldri). Yngstu árgangarnir eru hinsvegar hlutfallslega fámennir. Í jafnlitlu samfélagi og er í Skeiða- og Gnúpverjahreppi er erfitt að ráða í hugsanlega íbúabróun útfrá núverandi aldursskiptingu, vegna þess að árlegir búferlaflutningar geta numið allt að 20% af heildarfjöldanum (sjá 8. mynd fyrir Skeið).


**Íbúafjölgun í framtíðinni – framreikningar til ársins 2016:**

Þrátt fyrir íbúafækkun síðustu áratugi er ekki ástæða til að gera ráð fyrir áframhaldandi fækkun. Íbúabróun síðusta ára í sveitarfélaginu og almennt þróun búsetu á suðvesturhorninu bendir til þess að íbúum til sveita á Suðurlandi mun ekki halda áfram að fækka, heldur verði íbúafjölgun m.a. vegna myndunar lítilla byggðakjarna. Ef gert er ráð fyrir að meðalfjölgun á ári verði 1,5% verður íbúafjöldi sveitarfélagsins árið 2016, hátt í það sem hann var á svæðinu 1970.

Íbúapróun á Skeiðum:




Íbúapróun í Gnúpverjahreppi (Eystra Hreppi):



3.2. Atvinnumál:

Skeið:

Skráðum ársverkum³⁶ fækkaði á Skeiðum á tímabilinu 1988-1997 um -11,6% meðan íbúum sveitarfélagsins fækkaði um -2,1%. Landbúnaður er lang mikilvægasta atvinnugreinin á Skeiðum og hefur það ekki breyst þó nokkur samdráttur hafi verið í landbúnaði á undanförunum tveimur áratugum (sjá . mynd). Fækkun ársverka þarf ekki að þýða færri atvinnutækifæri á Skeiðum og nágrenni því svæðið er í auknum mæli hluti af stærra atvinnusvæði, þ.e. íbúarnir sækja vinnu til nágrannabyggðarlaga. Í framtíðinni mun það færast í vöxt að fólk búi á einu svæði en vinni annars staðar. Bættar vegasamgöngur, tölvusamskipti og sveigjanlegri vinnutími gerir þetta mögulegt. Framtíðar uppbygging á Skeiðum mun því ekki einvörðungu grundvallast á því hvaða atvinnutækifæri eru á svæðinu, heldur mun hún einnig grundvallast á því hversu vel tekst til að gera Brautarholt og Skeið að aðlaðandi svæði til að búa á.



Landbúnaður

Mikilvægi landbúnaðar í atvinnulífi Skeiða hefur verið nokkuð stöðugt á undanförunum árum. Árið 1988 var vægi ársverka í landbúnaði 59% (alls 87 ársverk) af heildarársverkafjölda en árið 1997 var þetta hlutfall 60% (77 ársverk).

Alls eru um 51 býli í ábúð í Skeiðahreppi og var stundaður búskapur á rúmlega 40 býlum.³⁷ Mjólkurframleiðsla og nautgripa- rækt er ríkjandi búgrein. Ekki hefur verið verulegur samdráttur í þeirri búgrein á undanförunum árum og vöxtur hefur verið síðan 1993. Í sauðfjárræktinni hefur orðið mun meiri samdráttur og er vægi þeirrar greinar ekki mikið í landbúnaði á Skeiðum (um 10%).

Hrossum hefur fjölgað nokkuð eins og víða annars staðar á landinu. Á tímabilinu 1988-1998 tvöfaldast fjöldi hrossa í Skeiðahreppi.

³⁶ Ársverk skráð á íbúa með lögheimili í Skeiðahreppi.


³⁷ Samkvæmt spurningarkönnun meðal landeigenda (vor 2000) er stundaður hefðbundinn landbúnaður á yfir 80% bújarða

Ræktað land var um 1560 ha árið 1999.³⁸

Nytjaskógrækt hefur ekki verið stunduð neinum mæli í Skeiðahreppi hingað til en nú eru áform uppi um að hefja hana á nokkrum bæjum³⁹. Skjólbeltaræktun hefur verið stunduð á allmörgum bæjum á undanförunum árum og eru að bætast við fleiri jarðir í þann hóp.

Iðnaður

Skráð ársverk í iðnaði á Skeiðum árið 1988 voru um 11 eða 7% af heildarfjölda ársverka í sveitarfélaginu. Árið 1997 voru ársverk í iðnaði 13 og vægi þeirra 10%.



Verslun og viðskipti

Skráð ársverk í verslun og viðskiptum á Skeiðum voru 11 bæði árið 1988 (7%) og 1997 (8%)....

Þjónusta

Skráð ársverk í þjónustu á Skeiðum voru 25 (17%) árið 1988 en voru 23 árið 1997 (17%)

Ferðaþjónusta

Auk ferðaþjónustu í Brautarholti er rekin umfangsmikil þjónusta við ferðamenn á Brjánsstöðum og Húsatóftum IIa. Í nýlegri skýrslu um stefnumótun í ferðaþjónustu í Uppsveitum Árnessýslu⁴⁰ segir að styrkleikar Skeiðahrepps varðandi ferðaþjónustu séu: 1) Miðsvæðis á Suðurlandi; 2) Nálægð við byggðarkjarna; 3) Öflugur landbúnaður. Veikarleikar Skeiðahrepps eru hinsvegar: 1) Fáir í ferðaþjónustu; 2) Mikill gegnumakstur ferðamanna; 3) Lítil hefð fyrir ferðaþjónustu. Um stefnu í ferðaþjónustu í Skeiðahreppi segir eftirfarandi:

³⁸ Fasteignamat ríkisins (2000): Samtölur úr fasteignaskrá 1999.

³⁹ Samkvæmt spurningarkönnun meðal landeigenda (vor 2000).

⁴⁰ Gæði og gestrisni. Stefnumótun í ferðaþjónustu fyrir Uppsveitir Árnessýslu 1998-2002, sjá bls. 14 og 30-31 fyrir Skeiðahrepp.

Markmið:

Skeið... sérhæfi sig í að sýna og kynna ferðamönnum myndarlega búskaparhætti.

Verkefni

Skeið... [hafa] nokkra sérstöðu vegna legu sinnar, þ.e. er miðsvæðis á Suðurlandi og stutt frá helstu náttúruverjum, en þó í næsta nágrenni við þéttbýlið. Á Skeiðum eru tvö ört vaxandi ferðaþjónustufyrirtæki, annað á sviði afþreyingar og hitt með gistingu. Á Brautarholti mætti huga að sérhæfingu fyrir fatlaða, þar sem staðurinn hefur þegar nokkuð forskot varðandi slíka aðstöðu - við tjaldstæði, sundæaug og gistingu í skóla. Bæta má aðstöðuna nokkuð og kynna staðinn sem slíkan.


Góður staður fyrir fjölskyldufólk. Mætti skoða svæðið með tilliti til barnanna sérstakleg og gera enn betur. Staðurinn er kjörinn fyrir ættarmót vegna aðstöðu.

Tjaldsvæðið gæti tekið forystu í Uppsveitunum varðandi umhverfismál. Semja má við sveitabæi um opið hús og kynna handverk heimamanna.

Hvetja til þess að auka tengsl heimamanna við gesti varðandi kynningu á búskaparháttum.

3.3. Félagsmál:**Húsnæðismál:****Skeið:**

Árið 1999 voru 80 íbúðir⁴¹ og 240 íbúar á Skeiðum. Meðalfjöldi íbúa á íbúð var því um 3,0 sem er eilítið herra en landsmeðaltalið. Megnið af íbúðunum er utan þéttbýlis eða 73 en 7 íbúðir eru á Brautarholti. Meðalstærð íbúða í sveitarfélaginu var 193 m² árið 1999.



Um 48% íbúðarhúsnæðis á Skeiðum er byggt eftir 1960. Flestar íbúðir eru byggðar á 10. áratugnum eða 13, þar af 5 íbúðir á Brautarholti (sjá 11.mynd).

Algengasta byggingarefni íbúðarhúsnæðis á Skeiðum er steypa; 56% íbúðarhúsa eru úr henni, 25% eru úr timbri, 13% íbúðarhúsa eru hlaðin (flest frá 5. og 6. áratugnum; alls 10) og 5% úr blönduðum efnivið.

⁴¹ Fasteignamat ríkisins (2000): Samtölur úr fasteignaskrá 1999. Íbúðarherbergi meðtalin.

Íbúðarhúsnæði er að stærstum hluta í einkaeign. Einbýli er ríkjandi húsagerð.

Félagsleg þjónusta og félagslíf

Skeið:

Dagvistun

Leikskóli tók nýverið til starfa í Brautarholti og stendur hann við hlið grunnskólans.

Menntamál

Árið 1908 var byggður barnaskóli á Húsatóftum og var húsnæðið jafnframt notað til samkomuhalds til ársins 1933. Árið 1933 var byggður barnaskóli og samkomuhús á Húsatóftaholti en þar stóð áður þinghús hreppsins. Heimavist var í skólanum til 1958 en þá var tekinn upp akstur skólabarna. Skólastjórshúsið var byggður 1967 og sundlaug á árunum 1972 til 1975. Ungmennafélagið lét gera íþróttavöll við skólann árið 1947. Lestrarfélag hreppsins hefur verið með eitt herbergi til umráða undir bókasafn. Byggt var við skólahúsið á árunum 1987 til 1988. Nýtt íþróttahús og viðbygging við skólann voru tekin í notkun árið 2002.

Heilbrigðisþjónusta

Skeiðahreppur er innan umsjónarsvæðis heilsugæslustöðvarinnar á Laugarási en þar hefur lækni fasta búsetu. Næsta sjúkrahús er á Selfossi.

Dvalarheimili aldraðra er að Blesustöðum.

Löggæsla

Löggæsla á Skeiðum er sinnt frá Selfossi.

Félagsheimili og almenn félagsstarfsemi

Aðstaða til samkomuhalds hefur verið í skólahúsinu á Brautarholti en hefur nú flust að mestu í nýja íþróttahúsið

Kirkja og kirkjugarðar

Kirkja hefur verið frá fornu fari á Ólafsvöllum. Kirkju er getið þar í heimildum frá 1200. Núverandi kirkja er byggð árið 1897 og rúmar hún um 120 manns í sæti. Kirkjan var gerð upp á árunum 1966 til 1967.

Íþróttir og útivist

Íþróttaaðstaða er á Brautarholti, íþróttavöllur, sundlaug og nýtt íþróttahús. Í landi Reykja, á Murneyrum, er skeiðvöllur og önnur aðstaða hestamanna. Óvissa er um framtíð þessa hestamannasvæðis.

4. Þjórsárdalur – forsendur og hugmyndir (ekki til staðfestingar):

4.1. Almennir staðhættir:

Þjórsárdalur er á mörkum miðhálandis og undirlendisins, þar sem dalurinn sker sig inn í hálandisbrúnina. Að vestanverðu afmarkast dalurinn af þeim hluta hlíðabeltisins, sem skagar hvað mest suður í undirlendið á þessum slóðum. Þar er samfellt belti hjalla og fella með lægðum á milli, sem vex upp frá Sandá. Fremst eru Litla- og Stóra-Dímon og Áslákstungnafjall framan við hina eiginlegu hálandisbrún, sem markast af Hagafjalli fremst, Geldingadalsfjalli og Heljarkinn innar. Að austanverðu er stökkið ákveðnara upp á hálandisbrúnina yfir röð stakra fella, Stangarfjall, Skeljafell og Búrfell fremst, hömrum girt á þrjá vegu. Felling umhverfis dalinn eru flest í hæð frá 300 metrum upp í tæplega 700 m.y.s., en dalbotninn er í 125 m hæð fremst og hækkar upp í 175 m innst.

Dalbotninn er þakinn Þjórsárhrauni sem rann ofan af hálandinu um farveg Rauðár eftir síðasta ísaldarskeið. Gervígígasvæði er í dalbotninum austanverðum, en að vestanverðu eru rennisléttir gróðursnauðir vikrar. Reykholt er stakstætt í dalbotninum í beinu framhaldi af Fossöldu og Rauðukömbum og deilir innri hluta dalsins í tvennt. Dalurinn þrengist til norðurs í gil sitt hvorum megin við Rauðukamba. Gilið að austanverðu, Fossárdalur, er mjög stórbrotið og endar í einum af hæstu fossum landsins, Háafossi.

Austan Búrfells snýr Þjórsá sig niður af hálandinu. Sá hæðarmunur er grundvöllur Búrfellsvirkjunar. Af þeim ástæðum er vatn mun minna í farveginum á þessum kafla en áður var, en þar er að finna fræga fossa, Tröllkonufoss og Þjófafoss. Fyrsta kaflann á láglandinu rennur Þjórsá fyrir mynni dalsins og setur honum þar mjög ákveðin landfræðileg mörk. Þar fremst eru lágir kollar og er Sölmundarholt hæst. Áin rennur síðan þétt með Hagafjalli. Þar gengur Gaukshöfði fram í ána sem eins konar útvörður dalsins.

Ár renna meðfram báðum meginhlíðum dalsins, Sandá vestanmegin og Fossá að austan. Í hana rennur Rauðá. Sjaldgæft er að dalur beri nafn ár sem ekki rennur um hann. Líklegt er talið að fyrr á öldum hafi Þjórsá runnið yfir í farveg Rauðár í vatnavöxtum og kenningar eru uppi um að jafnvel hafi Þjórsá kvíslast í þann farveg fyrr á tímum. Þannig hefur Þjórsá átt sinn þátt í að mynda hið sérstæða náttúrufyrirbæri Gjána. Þjórsárhraun átti ennfremur farveg um Gjána og huldi móbergið grágrýtisskán. Hraunið þekur dalbotninn milli Fossár og Sandár framan við Reykholt. Þegar hraunið rann yfir mun þar að líkindum hafa verið vatn eða votlendi undir og myndað gervígíga.

Hlíðar dalsins hafa fremur óhagstæða legu gagnvart vindi og sól, sérstaklega í ljósi þess að ríkjandi vindátt í bjartviðri er úr norðnorðaustri eða samsíða hlíðunum. Það er ekki nema suðvestan undan fellsendum sem skjólgóð hlíðarrými myndast. Þannig er því háttað undan Stangarfjalli og fremst í dalnum þar sem bæirnir Skriðufell og Ásólfstaðir standa. Þaðan blasir Hekla við í austri, en þegar innar í dalinn er komið ber Búrfell í hið tilkomumikla eldfjall, sem í aldanna rás hefur stjórnað lífi manna, dýra og gróðurs í Þjórsárdal.

4.2. Gróðurfar:

Sveitin hefur verið vettvangur gróðurfarsrannsókna og þá sérstaklega áhrif Heklugosa á gróðurfar í Þjórsárdal. Steindór Steindórsson rannsakaði gróðurfar í Þjórsárdal 1941 og 1943 og gerði rannsóknum sínum skil í Ársriti Skógræktarfélags Íslands 1943. Gefið var út gróðurkort af svæðinu 1960 af Rannsóknastofnun landbúnaðarins og 1977 skráði Guðmundur Guðjónsson landfræðingur gróðurfar í Þjórsárdal og birti niðurstöður í BS-ritgerð sinni. Hákon Bjarnason vann uppúr annálum heimildir um skóginn fyrr á öldum og skrifaði um það grein í Ársrit Skógræktarfélags Íslands 1937. Þar birti hann uppdrætti sem sýna skógivaxin svæði í dalnum, eins og hann telur þau hafa verið árið 1587 og 1708.

Í Þjórsárdal getur og hefur gróðurfar gjörbreyst á einum degi af völdum Heklugoss. Það á þó aðallega við um lágvaxinn gróður, því birkiskógurinn virðist hafa staðið vikurausturinn þokkalega af sér framan af. Í dalnum má sjá miklar andstæður í gróðurfari og eru þær mestar þar sem skógurinn mætir vikurblandnum sandinum. Álitð er að birkiskógar hafi að mestu þakið hlíðar dalsins við landnám. Örnefni og heimildir vitna um það. Enn leifir af upprunalegum birkiskógi, þó aðeins sé hann svipur hjá sjón, því mikið hefur á hann gengið. Á söguöld og allt fram á byrjun 18. aldar mun dalurinn hafa verið mjög gróðursæll og þá sérstaklega hlíðar hans. Ennfremur eru heimildir um vænlegt skógarbælti fremst í dalnum. Heimildir eru fyrir því að bændur af Skeiðum, úr Flóa og víðar að hafi átt í dalnum skógarnot og telur Hákon Bjarnason að um hafi verið að ræða meira en 143 jarðir. Á 19. öldinni og fram undir miðja 20. öld fór verulega að halla undan af völdum hömlulausrar viðjartekju og aukins ágangs búfjár.

Árið 1938 var austurhluti dalsins friðaður og vesturhlutinn upp fyrir Dímon. Nú leifir einungis af birkiskóginum í hlíðunum vestan Sandár upp undir Áslákstungu og sunnan undir Búrfelli er víðáttumikill teigur. Litlar torfur eru inni við Gjána og í Bolagróf, en þær eiga í vök að verjast fyrir ágangi eyðingaraflla. Hlíðar dalsins eru þokkalega grónar vallendisgróðri. Hann á undir högg að sækja utan girðingarinnar, því jarðvegurinn er vikurkenndur og laus í sér og því rofgjarn. Þar gerast djúpir skorningar æ meira áberandi. Við skógræktargirðinguna við Litla-Dímon má þó sjá hvað hvílir í sverðinum, því innan girðingarinnar er áberandi nýgræðingur af birki og víði. Að norðan og austanverðu eru hlíðar Þjórsárdals tiltölulega gróðurlitlar. Helst er grösuga fláka að finna í gilskorningum meðfram lækjarfarvegum.

Dalbotninn, sem á landnámstíma var talinn vera grænar grundir með dreifðum lundum, er nú að mestu svartir sandar, nema þar sem unnið hefur verið að uppgræðslu. Eins og áður er getið er na-áttin skæð fyrir dalbotninn, því hún hefur 10 km hindrunarlausan kafla til þess að ná sér á strik og feykja til sandi og vikri.

4.3. Skógrækt, landbúnaður og landgræðsla:

Búseta landsins hefur ekki eingöngu leitt af sér gróðureyðingu, því að stór svæði hafa verið tekin undir barrviðarskógrækt, tún hafa verið ræktuð og sandar og vikrar græddir upp. Í skjóli birkiskógarins í landi Skriðufells hefur

verið ræktaður upp greni- og furuskógur, sem nú hefur að mestu tekið yfirhöndina. Á seinni árum eru áherslur að breytast og í stað þess að gróðursetja í kjarrið er lögð aukin áhersla á landgræðsluskógrækt.

Landsvirkjun er þáttakandi í Landgræðsluskógaátaki og hefur tekið að sér uppgræðslu vesturhlíðarróta Búrfells í framhaldi af Búrfellsskógi. Neðan við bæina tvo sem enn eru í ábúð, Skriðufell og Ásólfssstaði eru víðáttumikil tún. Á virkjunarsvæðinu við Búrfellsstöð hefur verulegt landsvæði verið ræktað upp með grasi og trjágróðri, sömuleiðis meðfram þjóðveginum og fremst í Fossárdal hefur uppgræðsla borið það góðan árangur að hægt hefur verið að nytja svæðið til haustbeitar. Töluvert hefur verið sáð og borið á Hafið milli Þjórsár og Rauðár. Skógrækt ríkisins hefur verið að störfum í Þjórsárdal frá því að stór hluti hans var friðaður fyrir búfenaði árið 1938. Girðingin liggur frá Fossá í Fossárdal, niður með austanverðum Rauðukömbum og Reykholti vestanverðu og þaðan norður fyrir Dímon. Bækistöð Skógræktarinnar er við Hvammsá. Skógræktin hefur tekjur af leigu hjólhýsastæða. Af og til hafa verið haldnar útihátíðir á svæðum Skógræktarinnar í Þjórsárdal. Greniskógurinn er ræktaður sem nytjaskógur og tré þaðan seld sem jólatré. Skógræktin hefur einnig staðið fyrir uppgræðslutilraunum á söndunum austan Sandár, m.a. með lúpínu og trjáplöntum.

Á árunum 1991 til 1996 var unnið að heildarúttekt á jarðvegsrofi á Íslandi á vegum Landgræðslu ríkisins og Rannsóknastofnunar landbúnaðarins. Í niðurstöðuskýrslu þeirrar rannsóknar frá 1997⁴² er gerð grein fyrir ástandi jarðvegseyðingar og rofs í hverju sveitarfélagi. Friðað svæði í Þjórsárdal (87 km²) fær eftirfarandi umsögn:

Lausar vikrar einkenna svæðið og því fær tæplega helmingur þess rofeinkunnir 4 og 5. Um 62% svæðisins teljast til auðna og fjallendis.

4.4. Stefnumörkun fyrir Þjórsárdal – úr aðalskipulaginu 1993-2013:

Forsendur:

Þjórsárdalur hefur í gegnum tíðina dregið til sín jafnt lærða sem leika. Dalurinn hefur verið áningarstaður náttúruunnenda og vettvangur vísindalegra rannsókna. Þar tvinnast saman það tvennt sem haldið hefur nafni Íslands á lofti gegnum aldirnar, sú menning sem hér ríkti í árdaga Íslandsbyggðar og eldvirkni í jörðu, sem löngum hefur verið persónugerð í Heklu. Í Þjórsárdal hafa fornleifafræðingar, sagnfræðingar og jarðfræðingar sameinast við rannsóknir á öskulögum og uppgröft bæjarrústa, þar sem aldursgreining gósefna upplýsir bæði gossögu Heklu og aldur mannvistarleifa í Þjórsárdal. Í tengslum við þessar rannsóknir hafa orðið til dýrmætar heimildir um Þjórsárdal.

Lega og stærð svæðisins

Dalurinn er við hálendisbrúnina og í u.þ.b. 60 km frá hafi. Dalurinn er á hinni fornu Sprengisandsleið og stutt í náttúruperlur á hálendinu eins og t.d. Landmannalaugar og Þjórsárver.

⁴² Ólafur Arnalds et. al: *Jarðvegsrof á Íslandi*. Landgræðsla ríkisins og Rannsóknastofnun landbúnaðarins 1997.

Undirlendi Þjórárdals þekur u.þ.b. 60 km², en svæðið milli fjallsbrúna Geldingadalsfjalls að vestan, línuvegur ofan við Háafoss að norðan, Þjórásar að austan og sunnan er nálægt 220 km² að flatarmáli.

Eitt mikilvægasta viðfangsefnið í aðalskipulagi fyrir Gnúpverjahrepp er skilgreining á framtíðarlandnotkun í Þjórárdal. Dalurinn er kjörinn sem ferðamannastaður, enda lengi verið vinsæll sem slíkur. Þó er aðeins brot af kostum staðarins almenningi ljósir og jafnvel einnig þeim sem þar eiga hagsmuna að gæta. Stórbrotið landslagið, góð veðurfarsskilyrði og verksumverki fyrri tíma búsetu eru auðlindir, sem nýta má í þágu útivistar og fræðslu, sé hófsemi gætt.

Lega dalsins undir miðhálandisbrúninni, en samt ekki í nema einnar og hálftrar klukkustundar akstursfjarlægðar frá höfuðborgarsvæðinu, mælir með markvissri uppbyggingu ferðamannþjónustu.

Þegar útivistargildi náttúrusvæða eins og Þjórárdals er metið, eru margir þættir sem þar ber að athuga. Hvaða staðir og svæði eru áhugaverðastir og hvaða möguleikar eru á að tengja þá vegakerfi og samfelldum gönguleiðum? Hver er aðstaða ferðamanna og hver eru skilyrði fyrir frekari uppbyggingu hennar? Athuga þarf möguleika á mislöngum gönguleiðum og þá helst hringleiðum í aðlaðandi og áhugaverðu umhverfi.

Núverandi aðstaða ferðamanna

Náttúrufegurð Þjórárdals hefur dregið að sér ferðamenn alla þessa öld. Fyrsta Árbók Ferðafélags Íslands sem út kom árið 1928 var helguð dalnum. Þar var strax vakin athygli á náttúrusérkennum og skemmtilegum göngu- og reiðleiðum. Að Ásólfstöðum var rekið gistihús um miðbik aldarinnar og í jaðri skógarins hefur löngum verið vinsælt að tjalda. Vitneskjan um hina blómlegu byggð í dalnum á 11. öld og þær ráðstafanir, sem gerðar hafa verið á síðastliðnum áratug, til að upplýsa ferðalanga um fyrri búsetu í dalnum auka enn á vægi svæðisins sem vinsæls viðkomustaðar innlendra og erlendra ferðamanna.

Ferðamönnum í Þjórárdal gefst kostur á að tjalda í landi Skógræktar ríkisins að Skriðufelli. Ábúandi rekur tjaldsvæði á túnnum milli Hvammsár og Sandár. Aðstaða og þjónusta þar verður að teljast bágborin. Hreinlætisaðstaða er fyrir neðan allt velsæmi og ekkert er gert til að stýra bílaumferð og á góðum helgum ægir saman tjöldum og bílum.

Unnið er að undirbúningi bráðabirgðatjaldsvæða á gamla samkomusvæðinu austan Sandár. Er það gert til þess að skapa viðunandi aðstöðu, þar til frekari ákvörðun liggur fyrir um uppbyggingu ferðamannþjónustu í dalnum.

Sundlaugin við Rauðukamba er í 10 km fjarlægð frá tjaldsvæðunum og er hún mikið sótt. Þar er óheimilt að tjalda. Sama gildir um svæðið við Stöng, en þar er þó gjarnan tjaldað við vaðið á Rauða.

Gert hefur verið áttak í að merkja forn bæjarstæði og stýra umferð við vinsælustu ferðamannastaðina, eins og t.d. Gjána, Hjálparfoss og Háafoss.

Skriðufellsskógur

Allt skógar svæðið í Skriðufelli er kjörið útivistarland. Þar er skýlla en annars staðar í dalnum og nálægðin við ár, læki og gróður hefur sitt að segja. Þar

liggur ótal vega og slóða, sem einungis þarf að merkja, þannig að sá sem um þá fer geri sér grein fyrir upphafi og enda ferðar sinnar.

Skógurinn safnar í sig snjó og þar sem landslagið er mishæðótt myndast mjög skemmtilegar skíðagönguleiðir á skógarstígum.

Gönguleiðir

Ár og lækir eru leiðandi fyrir gönguleiðir í landslaginu. Vatnasvæði Sandár, Fossár og bakkar Þjórsár eru svæði með mikið útivistargildi, hver með sínum sérkennum, en nálægðina við vatn í öllum sínum fjölbreytileik eiga þau sameiginlegt. Upp með Sandá eru andstæður í landslaginu skarpar, brattar hlíðar klæddar skógi fremst annars vegar og rennisléttir vikrarnir hins vegar. Alls staðar er mögulegt að fara upp í hlíðarnar og fara aðra leið til baka. Sé farið alla leið inn í Seljamýri er tiltölulega stutt að upptökum Hvammsár og því möguleiki á þægilegri dagshringleið utan um Skriðufell og Áslákstungnafjall.

Á bökkum Þjórsár fremst í dalnum er umhverfi mjög hrjóstrugt en samt heillandi. Þar er gróður lítil, en ævintýralegir bollar ganga inn í hraunið frá árbakkanum. Nálægðin við beljandi stórfljótið hefur líka sitt að segja.

Upp með Fossá og Rauðá eru það fossarnir sem heilla og gilin og stórbrotið landslagið innst.

Útsýnisstaðir á fellunum umhverfis dalinn draga göngumanninn einnig til sín. Mikið útsýni er t.d. af Hestfjallahnjúk og Búrfelli og yfir dalinn af lægri fellum.

Tillaga að fólkvangi í Þjórsárdal

Lagt er til að stofnaður verði fólkvangur í Þjórsárdal. Markmið með stofnun fólkvangsins væri að tryggja markvissar samræmdar aðgerðir í uppbyggingu ferðamannþjónustu og útivistarsvæðis og koma þannig til móts við aukna ásókn ferðamanna og um leið að létta á viðkvæmari svæðum á hálendinu. Meginmarkmið með slíkri þjónustu væri að bjóða upp á fjölbreytta gisti- og dvalarmöguleika, upplýsa gesti dalsins um náttúrufar og sögu svæðisins, að leiðbeina um ferðarmöguleika nær og fjær um leið og tryggt yrði aukið eftirlit með náttúru- og söguminjum og stuðlað að nýjum atvinnutækifærum í byggðarlaginu.

Afmörkun fólkvangsins

Eðlileg mörk fólkvangs í Þjórsárdal eru Þjórsá að austan og sunnan, efri mörk vatnasviðs Rauðár og línuvegur ofan við Háafoss að norðan og vesturmörk vatnasviðs Sandár að vestan. Innan þessara marka yrðu því Skriðufell allt, Áslákstungnafjall og Seljamýri allt upp á brúnir Geldingadalsfjalls sem og hlíðar Hagafjalls.

Staðarval fyrir þjónustumiðstöð í Þjórsárdal

Við staðarval fyrir þjónustumiðstöð í dalnum verða þróunarmöguleikar fyrir síðari tíma þarfir að vera fyrir hendi. Ýmsar hugmyndir hafa verið uppi um staðarval fyrir slíka miðstöð, og hefur þá Hallslaut oft verið nefnd. Staðurinn er vissulega fallegur, en við nánari skoðun er svæðið þröngt og opið fyrir vindi. Þó er mögulegt að nema land út á sandinn og gera þar skjólgarða.

Aðalskipulagið gerir ráð fyrir að Skriðufellsskógi með tilheyrandi túnnum verði ráðstafað fyrir uppbyggingu ferðamannþjónustumiðstöðvar. Þar er gott skjól, landrými fyrir fjölbreytta uppbyggingu og skemmtilegt útivistarland í næsta nágrenni. Freistandi er að horfa til túnanna á Ásólfssstöðum með framtíðarþróunarmöguleika í huga. Fagurt útsýni er til Heklu og það mikilvægasta er, að hér er tekið á móti ferðamanninum strax og hann kemur inn í dalinn. Hugsanlegt er að einhvers konar búskapur haldist í hönd við þessa uppbyggingu og þjónustu. Hestaleiga, skipulagðar hestaferðir, bændagisting, sumardvöl barna á sveitabæ og margt fleira. Landvarsla og leiðsögn gæti einnig að einhverju leyti verið á höndum ábúenda.

Stjórn og rekstur fólkvangsins

Starfandi hefur verið Þjórsárdalsnefnd í u.þ.b. 20 ár. Nefndin er hópur áhugamanna um ræktun og uppgræðslu dalsins, verndun náttúru- og söguminja og þjónustu við ferðamenn. Hana skipa fulltrúar Landsvirkjunar, hreppsnefndar, Skógræktar ríkisins, Þjóðminjasafns, og Ferðafélags Íslands. Samsetning nefndarinnar gefur tóninn fyrir hugsanlega stjórn fólkvangs í Þjórsárdal. Til viðbótar gætu komið fulltrúar Náttúruverndarráðs, Landgræðslu ríkisins og Ferðamálaráðs. Einnig gæti verið um einhvers konar samvinnu aðliggjandi sveitarfélaga í atvinnuþróunarskyni að ræða. Þannig er t.d. Bláfjallafólkvangur rekinn af sveitarfélögum á höfuðborgarsvæðinu og Suðurnesjum.

Ýmsir rekstrar möguleikar eru á þjónustumiðstöðinni. Nærtækast er að líta til þeirra aðila, sem þegar sinna ýmsum landvörslustörfum í dalnum, eins og starfsmanna Skógræktar ríkisins og Búrfellsvirkjunar sem og ábúenda. Til viðbótar þyrftu að koma sérhæft fólk úr röðum landvarða og fararstjóra.

Hvaða aðstöðu skal gera ráð fyrir?

Til þess að gera sér grein fyrir stærðargráðu hugsanlegrar þjónustumiðstöðvar, er ekki óraunhæft að miða við miðstöðina í Þjóðgarðinum í Skaftafelli. Þjónustubyggingar væru vel settar nálægt vegamótum heimreiðar að bæjunum í Þjórsárdal í tengslum við aðaltjaldsvæði á túnunum á tungunni milli Hvammsár og Sandár. Á gamla samkomusvæðinu væri hugsanlegt að bjóða upp á hjólhýsastæði og aðstöðu fyrir ferðabíla. Í Hallslaut gæti verið áningarstaður stórra hópa hestamanna á leið inn á hálendið. Einnig væri möguleiki á að leyfa þar skálabyggingar fyrir ferðafélög eins og er í Þórsmörk.

Þjórsárdalur er víðáttumikill og því ekki óeðlilegt að gera ráð fyrir minni þjónustustöðum auk aðalmiðstöðvarinnar. Að Stöng gæti verið bækistöð fyrir sögu- og umhverfisfræðslu. Á sundlaugarsvæðinu við Rauðukamba yrði gestum leiðbeint um gönguleiðir innst í dalnum. Við þjóðveldisbæinn mætti hugsa sér frekari uppbyggingu í þeim dúr sem þegar er fyrir hendi. Þar gæti verið líkan af dalnum á söguöld, sem sýndi bæjarstæðin og skóginn eins og talið er að hann hafi verið þá. Hugmyndir hafa verið uppi um að reisa litla kapellu í minningu Hjalta Skeggjason, en hann mun hafa búið á Skeljastöðum, þar sem var kirkja og kirkjugarður.

Útivistarsvæði og gönguleiðir

Mikilvægt er að gera átak í merkingum og lagfæringum á gönguleiðum, því þeir sem koma í Þjórsárdal í dag gera sér engan veginn grein fyrir þeim möguleikum sem í umhverfinu felast. Yrði þá lögð áhersla á mislangar hringleiðir út frá þjónustumiðstöðinni, sem þræða upp áhugaverðustu svæði dalsins.

Lögð yrði áhersla á allt nærsvæði miðstöðvarinnar, Skriðufellsskóg og Áslákstungnafjall, umhverfi Sandár, Þjórsár og Fossár/Rauðár.

Til lengri tíma litið mætti hugsa sér kláf eða ferju yfir Þjórsá í Lambhaga og yfir mynni Þjórsár í Búrfellsskóg.

Fjölsóttir viðkomustaðir ferðamanna

Viðkvæmri náttúru og fornminjum stafar hætta af utanvegaakstri í Þjórsárdal. Á fjölsóttum viðkomustöðum ferðamanna er nauðsynlegt að afmarka bílastæði og leiða gangandi umferð í ákveðna farvegi. Koma þarf upp upplýsingatöflum og umgengnisreglum.

Bílastæði mega gjarnan vera í einhverri fjarlægð frá því sem áhugavert er að skoða á hverjum stað. Afmarka má stæðin með grjóttveggjum eða jarðvegsmönnum eða fella þau inn í landslagið eftir aðstæðum. Fullyrða má, að eftir því sem aðstaðan er snyrtilegri, þeim mun meiri virðing er borin fyrir umhverfinu.

Uppgræðsla lands og nytjaskógrækt

Áhersla verði lögð á að endurheimta glötuð skógarsvæði í Þjórsárdal og auka þannig útivistargildi svæðisins. Meta þarf nauðsyn og möguleika á uppgræðslu lands út frá umhverfis- og hagrænum sjónarmiðum og í framhaldi af því að setja markmið og gera áætlun um frekari skógrækt og landgræðslu.

Afréttir og beitarlönd

Afréttarmál þarf að skoða í heild sinni með skipulagi miðhálandisins.

Eftirsóknarvert er að breyta legu afréttargirðingar í Þjórsárdal þannig að mögulegt verði að græða upp alla vesturhlíð dalsins og með landgræðslu og/eða sjálfgræðslu vikrana vestan við Reykholt. Girðing á brúnum Áslákstungnafjalls og yfir dalinn innan við vikrana sem tengdist núverandi girðingu við Rauðukamba myndi gera þetta kleift.

Þó svo að mörk fólkvangs eins og þau eru sýnd á skipulagsuppdraetti nái inn á afréttarsvæði, þýðir það ekki skerðingu afréttarins. Þannig væri t.d. áhugavert að leiða gönguleið um Seljamýri, en þar er gott beitarland.

Frágangur á námum

Mikið jarðrask fylgir virkjunarframkvæmdum við gerð frárennslisskurða og stíflugarða. Kanna þarf umhverfisáhrif slíkra framkvæmda áður en í þær er ráðist. Þar sem fyrirhugað er að fara í meiriháttar efnistöku t.d. vegna vegagerðar eða virkjunarframkvæmda, skal það gert í samráði við Náttúruverndarráð. Gera skal áætlun um umfang efnistökkunnar og í upphafi ákveðið hvernig gengið skuli frá námunni að efnistöku lokinni.

Mannvirki í landslaginu

Náttúran er vissulega stórbrotin í Þjórsárdal, þó er hún engan veginn ósnortin. Mannanna verk sjást þar víða í formi ræktaðs lands, vega og slóða, girðinga, raflína og bygginga stórra og smárra. Á það einkum við um fremri hluta dalsins.

Stefnt skal að því að hvers konar nauðsynleg mannvirki falli eins vel að landslagi og kostur er á.

Náttúruvernd

Með stofnun fólkvangs í Þjórsárdal yrði stigið stórt skref í náttúruvernd á svæðinu, en Fossá og Rauðá og umhverfi þeirra eru á Náttúru-minjaskrá. Stofnun fólkvangs myndi ekki koma í veg fyrir friðlýsingu samkvæmt náttúruverndarlögum á þeim

5. Hálendið – Svæðisskipulag miðhálendis 2015:

5.1. Staðhættir – lega og afmörkun

Mörk Skeiða og Gnúpverjahrepps á hálendinu afmarkast að vestanverðu um Stóru-Laxá, um Rjúpnafell, um Múla og austurmörk náttúruuminjasvæðis í Kerlingarfjöllum, og í Hofsjökul hjá Þverfelli og þaðan í hábungu Hofsjökuls. Þaðan til norðausturs um Klakksjökul, fjallið Klakk og Háöldukvísl til suðurs. Að austanverðu ræður síðan Þjórsá allt suður að Þjórsárdal. Að sunnanverðu eru mörk afréttarins ofan Þjórsárdals, milli Þjórsár og Fossár, og síðan til suðurs og vesturs um Skáldabúðaheiði, við efri mörk heimalanda bújarða. Hálendið skiptist í Gnúpverjaafrétt að austanverðu og Flóa- og Skeiðamannaafrétt að vestanverðu og er það Fossá sem ræður þar mörkum, allt norður í Flóamannaöldu og þaðan í stefnu á Arnarfell hið mikla.

Á árunum 1991 til 1996 var unnið að heildarúttekt á jarðvegsrofi á Íslandi á vegum Landgræðslu ríkisins og Rannsóknastofnunar landbúnaðarins. Í niðurstöðuskýrslu þeirrar rannsóknar frá 1997⁴³ er gerð grein fyrir ástandi jarðvegseyðingar og rofs í hverju sveitarfélag og afréttum þeirra. Flóa- og Skeiðamannaafréttur fær eftirfarandi umsögn (710 km²):

Auðnir einkenna þennan afrétt, fjalllendi og auðnir eru 71% landsins samkvæmt kortlagningu á rofi, en auðnir og rýrt land 89% samkvæmt gróðurmynd. Um 64% landsins utan fjalllendis hljóta rofeinkunn 3. Á sunnanverðum afréttinum eru víða gróin svæði þar sem rof telst vera lítið en samtals eru slík svæði þó aðeins 22% lands utan fjalllendis.

Gnúpverjaafréttur (617 km²) fær eftirfarandi umsögn:

Á afréttinum er víða vel gróin svæði þar sem lítið rof á sér stað (39%) en á afréttinum eru einnig víðáttumikil rofsvæði (31%, rofeinkunnir 4 og 5). Þar er einkum um að ræða sandsvæði sunnan jökuls (173 km²). Heildareinkunn afréttarins er því slæm og brýnt að beina nýtingu að þeim svæðum sem henta til beitar en friða hin.

⁴³ Ólafur Arnalds et. al: *Jarðvegsrof á Íslandi*. Landgræðsla ríkisins og Rannsóknastofnun landbúnaðarins 1997.

5.2. Svæðisskipulag miðhálandis 2015 - Stefnumörkun

Svæðisskipulag miðhálandis Íslands var staðfest af umhverfisráðherra 10. maí 1999. Svæðisskipulagið tekur til afréttar og alls hálandis Skeiða- og Gnúpverjahrepps. Undirbúningur að gerð svæðisskipulagsins hófst árið 1993 og var skipulagið unnið á grundvelli gildandi skipulagslaga frá 1964 (lög nr. 19) og bráðabirgðaákvæðis nr. 73/1993 við skipulagslögin, sem kvað á um heimild héraðsnefnda um stofnun sérstakrar samvinnunefndar um gerð skipulags fyrir hálandið. Vegna sérstakra staðhátta á hálandinu var ekki fylgt eftir ákvæðum þá gildandi skipulagsreglugerðar um landnotkunarflokka, heldur var mótað nýtt flokkunarkerfi lands þar sem verndarsjónarmið voru lögð til grundvallar. Af þessum sökum er ekki sjálfgefið hvernig eigi að túlka svæðisskipulagið á grundvelli skipulagsreglugerðar (nr.400/1998). Stuðst er við greinargerðir Skipulagsstofnunar⁴⁴ um túlkun svæðisskipulagsins í aðalskipulagi Skeiða- Gnúpverjahrepps.

Við vinnslu svæðisskipulagsins var lögð til grundvallar skipting hálandisins í 8 landslagsheildir⁴⁵. Hverri landslagsheild var síðan skipt í smærri deilislvæði. Afréttur og hálandi Skeiða- og Gnúpverjahrepps lendar innan landslagsheildar 8, "Suðurhálandi, vesturhluti" og allmargra deilislvæða (8.1, 8.3., 8.4, 8.5., 8.6).

Nyrsti hluti hálandis Skeiða- og Gnúpverjahrepps lendar innan deilislvæða 8.3. og 8.4⁴⁶.

8.3 Þjórsárver: Svæðið nær yfir upptök Þjórsár sunnan og suðaustan undir Hofsjökli. Svæðið tilheyrir að mestu Gnúpverjaafrétti en vestasti hluti þess tilheyrir Flóa- og Skeiðamannaafrétti.

8.4. Kerlingarfjöll. Svæðið nær yfir Kerlingarfjöll og næsta nágrenni. Meirihluti svæðisins er á Hrunamannaafrétti en austasti hlutinn tilheyrir Flóa- og Skeiðamannaafrétti. Blágnýpa er á Biskupstungnaafrétti.

Miðhluti afréttarins er á deilislvæði 8.5:

8.5. Hreppafjöll, efri hluti. Belti sem gengur þvert á afrétti sunnan Kerlingarfjalla, frá Þjórsá vestur á Mikluöldu á miðjum Hrunamannaafrétti. Svæðið nær niður undir Fossárdrög. Meirihluti svæðisins er á afrétti Flóa- og Skeiðamanna- og Hrunamannaafrétti. Austasti hlutinn tilheyrir Gnúpverjaafrétti.

Syðsti hlutinn er að vestanverðu innan deilislvæðis 8.6 en að austanverðu á deilislvæði 8.1, sem teygir reyndar allt norður í Norðurleit:

8.6. Hreppafjöll, neðri hluti. Svæðið nær yfir Skáldbúðaheiði, Kamb, Geldingafell og Fitjarása. Það er aðallega á Flóa-, Skeiða- og Hrunamannaafrétti en austasti hlutinn kemur inn á Gnúpverjaafrétti.

⁴⁴ Leiðbeiningar um skilgreiningu landnotkunar í aðalskipulagi á miðhálandinu, Skipulagsstofnun 2001 (www.skipulag.is). Sjá einnig "Tillaga skipulagsstofnunar að afgreiðslu umhverfisráðherra á svæðsskipulagi miðhálandis Íslands" (Stefán Thors og Ásdís Hlökk Theódórsdóttir) og "Greinargerð Skipulagsstofnunar með tillögu að afgreiðslu umhverfisráðherra á svæðisskipulagi miðhálandis Íslands" (Ásdís Hlökk Theódórsdóttir og Matthildur Kr. Elmarsdóttir).

⁴⁵ Miðhálandi Íslands-Svæðisskipulag 2015, Greinargerð, maí 1999, bls. 25-27.

⁴⁶ Sjá Miðhálandi Íslands-Svæðisskipulag 2015, Greinargerð, maí 1999, bls. 26-27.

8.1. Þóristungur-Búðarháls-Gljúfurleit. Suður- og austurmörk svæðisins frá Stöng um mót Tungnaárog Þjórsár og upp í Þóristungur allt að Köldukvísl. Vestan Þjórsár nær svæðið alla leið upp í Norðurleit. Gnúpverjaafréttur vestan Þjórsár og Holtamannaafréttur að austan.

Gerð er ítarleg grein fyrir náttúrufari, verndun og nýtingu fyrir hverja landslagsheild og hvert deilissvæði í forsendum svæðisskipulagsins.⁴⁷

Hugsunin með skiptingu svæðisins í landslagsheildir er m.a. sú að stuðlað verði að því að skapa stórar samfelldar verndarheildir þar sem framkvæmdum er haldið í lágmarki. Svæðisskipulagið skilgreinir í þessu skyni einnig svokölluð mannvirkjabelti þar sem gert er ráð fyrir að allri meiriháttar mannvirkjagerð (einkum háspennulínur og virkjanasvæði) verði haldið innan.⁴⁸ Innan afréttar Skeiða- og Gnúpverjahrepps gengur skilgreint mannvirkjabelti, með háspennulínu norðan Hallarmúla/Fossöldu, þvert á landslagsheild Suðurrhálendis-vesturhluti og klýfur deilissvæði 8.6. í tvennt.

Hér að neðan er gerð grein fyrir svæðisskipulagi Miðhálandis Íslands er tekur til afréttar og hálendis Skeiða- og Gnúpverjahrepps (Flóa- og Skeiðamannaafréttar og Gnúpverjaafréttar). Stuðst er við greinargerðir Skipulagstofnunar um túlkun á stefnumörkun svæðisskipulagsins.⁴⁹

Náttúruverndarsvæði:

Nyrsti hluti hálendis Skeiða- og Gnúpverjahrepps og vesturhluti hálendisins meðfram Þjórsá eru skilgreindir sem náttúruverndarsvæði, sem tekur yfir mun stærra svæði sem nær til aðliggjandi sveitarfélaga⁵⁰:

Þjórsárver-Kerlingarfjöll, [Skeiða- og Gnúpverjahreppur], Hrunamannahr., og Biskupstungnahr. Stór landslagsheild sunnan Hofsjökuls á milli Kjalvegur og Sprengisandsleiðar. Svæðið með Þjórsá frá Gljúfraá inn að Kisu með fögrum og stórfenglegum fossum og gljúfrum ásamt fjölbreyttu og gróskumiklu gróðurfari og lindum. Lítt raskað víðerni, fjölbreytt landslag og einstætt votlendi og fuglalíf í Þjórsárverum. Áhugavert útivistarsvæði allt árið. Göngu- og reiðleiðir frá Sprengisandsleið. Svæðið nær m.a. yfir friðland Þjórsárvera sem og Kerlingarfjallasvæðið sem er á náttúruminjaskrá.

Í greinargerð svæðisskipulagsins er eftirfarandi skilgreining á náttúruverndarsvæði:⁵¹

Náttúruverndarsvæðin ná yfir mikilvægustu og merkustu náttúruminjar hálendisins. Þau eru á einhvern hátt sérstæð eða einstæð vegna landslags, jarðmyndana,

⁴⁷ Sjá einkum *Miðhálandi Íslands - Svæðisskipulag 2015, Fylgirit B, Forsendur eftir landshlutum*, maí 1997 bls. 94, 109-115, 119-120, 123-124, 129, 131, 133-135, 137-139, 140-141, 144, 145, 149-151.

⁴⁸ Um skilgreiningu og afmörkun mannvirkjabelta, sjá *Miðhálandi Íslands-Svæðisskipulag 2015, Greinargerð*, maí 1999, bls. 70-71 og bls. 200.

⁴⁹ *Leiðbeiningar um skilgreiningu landnotkunar í aðalskipulagi á miðhálandinu*, Skipulagsstofnun 2001 (www.skipulag.is). "Tillaga skipulagsstofnunar að afgreiðslu umhverfisráðherra á svæðsskipulagi miðhálandis Íslands" (Stefán Thors og Ásdís Hlökk Theódórsdóttir) og "Greinargerð Skipulagsstofnunar með tillögu að afgreiðslu umhverfisráðherra á svæðisskipulagi miðhálandis Íslands" (Ásdís Hlökk Theódórsdóttir og Matthildur Kr. Elmarsdóttir).

⁵⁰ *Miðhálandi Íslands-Svæðisskipulag 2015, Greinargerð*, maí 1999, bls. 189.

⁵¹ *Miðhálandi Íslands-Svæðisskipulag 2015, Greinargerð*, maí 1999, bls. 71.

gróðurfars eða dýralífs. Svæðin ná yfir stórar landslagsheildir og óröskuð víðerni, s.s. stóra samfellda hluta gosbeltanna og víðfeðm votlendissvæði. Öll friðlýst svæði eru felld undir þennan flokk auk flestra svæða á náttúruminjaskrá.

Um þennan verndarflokk segir Skipulagsstofnun í greinargerð frá 1999:

Varðandi landnotkun á náttúruverndarsvæðum skal taka mið af almennum sjónarmiðum um "verndarheildir" og "lágt byggingarstig" við umfjöllun um einstakar framkvæmdir, aðalskipulagsgerð og endurskoðun svæðisskipulagsins. Auk þess eru friðlýst svæði og svæði á Náttúruminjaskrá innan náttúruverndarsvæða, en á þeim gilda þær takmarkanir á landnotkun sem auglýsingar um friðlýsingu hvers svæðis og ákvæði náttúruverndarlaga kveða á um.

Í frekari leiðbeiningum um skilgreiningar á túlkun á landnotkunarflokkum í svæðisskipulaginu segir m.a. í greinargerð Skipulagsstofnunar frá 2001⁵², að í undantekningatilvikum megi gera ráð fyrir efnistöku og svæðum fyrir frístundabyggð (skálasvæði) á náttúruverndarsvæðum enda sé þá gætt sjónarmiða svæðisskipulagsins um "verndarheildir" og "lágt byggingarstig". Á náttúruverndarsvæðum megi enn fremur gera ráð fyrir opnum svæðum til sérstakra nota og landbúnaðarsvæðum, enda sé gætt verndarsjónarmiða svæðisskipulagsins, og að sjálfsögðu megi gera ráð fyrir hverfisverndarsvæðum og óbyggðum svæðum.

Almenn verndarsvæði:

Sýðsti hluti hálendis Skeiða- og Gnúpverjahrepps er skilgreindur sem almennt verndarsvæði. Svæðið er kennt við Skáldabúðaheiði, en nær einnig yfir Fossheiði og Skúmstungnaheiði.⁵³

Skáldabúðaheiði. Mikilvægt útivistarsvæði ofan byggðar, þjóðminjar.

Í greinargerð svæðisskipulagsins er eftirfarandi skilgreining á almennum verndarsvæðum:⁵⁴

Almennu verndarsvæðin fela í sér alhliða verndargildi sem tekur til náttúruminja, þjóðminja og mikilvægustu lindasvæða. Enn fremur svæði með mikið útivistargildi, m.a. jaðarsvæði að byggð. Á almennum verndarsvæðum er í ríkara mæli uppbygging ferðaþjónustu og vegagerð henni tengdri, en á náttúruverndarsvæðum.

Um þennan verndarflokk segir Skipulagsstofnun:

Varðandi landnotkun á almennum verndarsvæðum skal taka mið af almennum sjónarmiðum um "verndarheildir" og "lágt byggingarstig" við umfjöllun um einstakar framkvæmdir, aðalskipulagsgerð og endurskoðun svæðisskipulagsins. Auk þess eru svæði á Náttúruminjaskrá innan náttúruverndarsvæða, en á þeim gilda þær takmarkanir á landnotkun sem ákvæði náttúruverndarlaga kveða á um.

⁵² Leiðbeiningar um skilgreiningu landnotkunar í aðalskipulagi á miðhálandinu, Skipulagsstofnun 2001 (www.skipulag.is)

⁵³ Miðhálandi Íslands-Svæðisskipulag 2015, Greinargerð, maí 1999, bls. 189.

⁵⁴ Miðhálandi Íslands-Svæðisskipulag 2015, Greinargerð, maí 1999, bls. 72.

Önnur svæði:

Miðhluti afréttar Skeiða- og Gnúpverjahrepps er skilgreindur sem önnur svæði. Í greinargerð svæðisskipulagsins er eftirfarandi skilgreining á "öðrum svæðum":⁵⁵

Önnur svæði eru landsvæði sem eru fremur fábreytt að náttúrufari og landslagi og eru ekki tekin frá til sérstakrar nýtingar. Sum þessara svæða geta öðrum fremur komið til álita sem byggingarsvæði við endurskoðun skipulagsins.

Um þennan flokk landnotkunar segir Skipulagsstofnun:

Ekki er skilgreint hvaða landnotkun eigi við á öðrum svæðum. Við umfjöllun um einstakar framkvæmdir, aðalskipulagsgerð og endurskoðun svæðisskipulagsins skal taka mið af almennum sjónarmiðum um að önnur svæði komi öðrum fremur til álita fyrir mannvirkjagerð.

Vatnsverndarsvæði:

Á hálendi Skeiða- og Gnúpverjahrepps eru skilgreind sjö vatnsverndarsvæði:⁵⁶

Hnífárbotnar (8.5). [Flóa- og Skeiðamannaafréttur]. Lindir í Hnífárbotnum, spretta upp úr sprungum á litlu svæði nærri 600 m.y.s. Aðgengi að slóð inn Gnúpverjafrétt.

Dalsádrög (8.5). [Flóa- og Skeiðamannaafréttur]. Lindir á litlu svæði í Dalsádrögum, í um 800 m.y.s. Lindir koma upp úr mól ofl. en tengdar sprungum. Vatnsmegin hátt í 1 m³/s.

Fossádrög (8.5). [Gnúpverjaafréttur]. Lindir tengdar sprungum og lagmótum í Fossádrögum bak við Lambafell, í 600-620 m.y.s.

Norðurleit (ytri, styttri) (8.2). [Gnúpverjaafréttur]. Lindir tengdar sprungum í Bjarnalækjarbotnum og Miklalækjarbotnum efri og neðri, í 520-600 m.y.s. Vatnsmegin a.m.k. nokkur hundruð l/s.

Þjórsá, Norðlingaalda. (8.2). [Gnúpverjaafréttur]. Lindir sem spretta upp úr sprungum og bólstrabergi í farvegi og bökkum Þjórsár í um 550 m.y.s. Vatnsmegin lítt þekkt. við Nautaöldu í 600-700 m.y.s.

Þjórsárver, Arnarfell mikla. (8.3). [Gnúpverjaafréttur]. Lindir úr bólstrabergi og sprungum undan Arnarfelli mikla í 600-700 m.y.s. Vatnsmegin líklega um 1 m³/s.

Þjórsárver, Nautaalda. (8.3). [Gnúpverjaafréttur]. Lindir úr bólstrabergi og sprungum við Nautaöldu í 600-700 m.y.s. Í Nauthaga eru heitar lindir. Vatnsmegin líklega um 1 m³/s.

Í greinargerð svæðisskipulagsins er eftirfarandi skilgreining á vatnsverndarsvæðum:⁵⁷

Vatnsverndarsvæði ná til gjöfulustu lindasvæða hálendisins og grannsvæða þeirra. Markaðar verði reglur um umgengni og varðveislu svo tryggja megi möguleika á nýtingu þeirra í framtíðinni.

Um þennan flokk landnotkunar segir Skipulagsstofnun:

⁵⁵ Miðhálendi Íslands-Svæðisskipulag 2015, Greinargerð, maí 1999, bls. 71.

⁵⁶ Miðhálendi Íslands-Svæðisskipulag 2015, Greinargerð, maí 1999, bls. 189; svo virðist sem aðeins hluti þessara svæða séu merkt inn á uppdrátt svæðisskipulagsins.

⁵⁷ Miðhálendi Íslands-Svæðisskipulag 2015, Greinargerð, maí 1999, bls. 72.

Kortlagning vatnsríkra svæða. Ekki er skilgreint hvaða takmarkanir á landnotkun eigi við á eða nærri vatnsverndarsvæðum utan að tekið sé mið af almennum sjónarmiðum um að standa vörð um að auðlindinni verði ekki spillt og að tryggja sem best möguleika á nýtingu vatns í framtíðinni við umfjöllun um einstakar framkvæmdir, aðalskipulagsgerð og endurskoðun svæðisskipulagsins.

Merkar fornminjar:

Á korti og greinargerð⁵⁸ svæðisskipulagsins eru nefndar eftirtaldar fornminjar:⁵⁹ Friðlýstar minjar í Þjórsárdal:

- 1) Áslákstunga innri
- 2) Fagriskógur
- 3) Grjótárkrókar
- 4) Fossárdalsrúst
- 5) Rauðukambarúst
- 6) Bergálfstaðarúst
- 7) Sandatunga
- 8) Lambhöfðarúst.

Fornar miðstöðvar gangnamanna eru að finna á:

- 1) Grímsstöðum
- 2) Skillandsfitjum
- 3) Gljúfurleit
- 4) Loðnaver
- 5) Kjálkaver
- 6) Bólstaður neðst í Tjarnarveri

Búsetuminjar eru að finna í:

- 1) Hólaskógi norðaustan við Þjórsárdal
- 2) Gæsaréttum í Þjórsárverum

Útilegumannabústaðir eru skráðir í:

- 1) Arnarfelli í Þjórsárverum
- 2) Þjórsárverum

Um "merkar minjar" segir Skipulagsstofnun:

Kortlagning minja sem skulu njóta verndar í samræmi við ákvæði þjóðminjalaga ... um að óheimilt sé að raska þeim nema að fengnu leyfi fornleifanefndar og að umhverfis þær sé 20 metra friðhelgað svæði.

Skálar:

Í svæðisskipulagin er gert ráð fyrir einu skálasvæði á hálendi Skeiða- og Gnúpverjahrepps:⁶⁰

Gljúfurleit. Gangnamannahús í eigu Gnúpverja er á staðnum.

⁵⁸ Miðhálendi Íslands-Svæðisskipulag 2015, Greinargerð, maí 1999, bls. 190.

⁵⁹ Þarf að bera þetta saman við það sem kemur fram í Fornleifaskrá.

⁶⁰ Miðhálendi Íslands-Svæðisskipulag 2015, Greinargerð, maí 1999, bls. 194.

Skálar eru skilgreindir með eftirfarandi hætti í svæðisskipulaginu (sjá skýringu á uppdrætti):

Skálar eru í góðu vegasambandi en þjónusta er minni en á hálendismiðstöðvum. Gistiskálar sem þjóna breiðum hópi, þar á meðal veiðimönnum, göngufólki og gangnamönnum.

Fjallasel:

Í greinargerð svæðisskipulagsins er getið um eftirfarandi fjallaskála á afrétti Skeiða- og Gnúpverjahrepps:⁶¹

Bjarnalækjarbotnar, [Gnúpverjaafrétti]. Gangnamannahús í eigu Gnúpverja á staðnum.

Sultarfit, afrétti Flóa- og Skeiða. Á staðnum er gangnamannahús í eigu Flóa- og Skeiðamanna. Húsið hefur verið í umsjá Ferðklúbbsins 4x4.

Klettur, [Flóa- og Skeiðamannaafréttir]. Á staðnum er gangnamannahús í eigu Flóa- og Skeiðamanna.

Hallarmúli, [Flóa- og Skeiðamannaafréttir]. Á staðnum er gangnamannahús í eigu Flóa- og Skeiðamanna.

Setrið í Kisubotnum, vestan Eiríksnípu. Á svæðinu er skáli í eigu Ferðaklúbbsins 4x4.

Fjallasel eru skilgreind með eftirfarandi hætti í svæðisskipulaginu (sjá skýringu á uppdrætti):

Hús í takmörkuðu eða engu vegasambandi, þ.m.t. gönguskálar, einkaskálar, veiðihús og gangnamannahús. Fjallasel eru, eins og jaðar- og hálendismiðstöðvar og skálar, opin fyrir almenning. Fjallasel í einkaeign skulu a.m.k. vera að hluta til opin fyrir almenning.

Í greinargerð Skipulagsstofnunar segir m.a. um fjallasel:

Við megingönguleiðir er í samræmi við stefnu svæðisskipulagsins unnt að heimila gönguskála með millibili sem tekur mið af þægilegum dagleiðum göngufólks, enda samræmist það almennum sjónarmiðum sem gilda um einstaka landnotkunarflokka.

Önnur mannvirki:

Á korti og greinargerð svæðisskipulagsins er gerð grein fyrir staðsetningu ýmissa annarra mannvirkja:⁶²

Geldingarás við Þjórsá [Gnúpverjaafrétti].

Sóleyjarhöfði í Þjórsárverum [Gnúpverjaafrétti].

Tjarnarver í Þjórsárverum [Gnúpverjaafrétti]. Þessi staður fer hugsanlega undir vatn ef Þjórsá verður stífluð við Norðlingaöldu, gangnamannahús og hesthús í eigu hreppsins.

Nautalda í Þjórsárverum [Gnúpverjaafrétti]. Á staðnum er kofi OS. Álitamál hvort þarna þurfi að vera áningarstaður.

Skeiðamannafit [Gnúpverjaafrétti]. Á staðnum er gangnamannahús í eigu hreppsins.

⁶¹ Miðhálendi Íslands-Svæðisskipulag 2015, Greinargerð, maí 1999, bls. 195.

⁶² Sjá bls. 195 í greinargerð svæðisskipulagsins

Hús/skýli við línuveginn (einvörðungu sýnt á korti)

Í greinargerð svæðisskipulagsins er eftirfarandi skilgreining á "öðrum mannvirkjum":⁶³

Önnur eru m.a. gangnamannahús, hús SVFÍ, búðir Landsvirkjunar, endurvarpsstöðvar Pósts og síma og skálar í eigu einstaklinga. Mannvirkin eiga það sameiginlegt að vera ekki opin til almennra ferðapjónustunota.

Í greinargerð Skipulagsstofnunar segir um "önnur mannvirki":

Á skipulagsupphætti eru kortlögð núverandi mannvirki sem falla í flokk annarra mannvirkja skv. skilgreiningu svæðisskipulagsins. Skipulagsstofnun mælir með að staðfest stefna svæðisskipulagsins varðandi hús SVFÍ og annarra björgunarfélaga og endurvarpsstöðvar verði sambærileg við stefnu svæðisskipulagsins varðandi fjallasel og viðbótarmannvirki vegna hefðbundinna nytja, þ.e. að ákvarðanir um staðsetningu nýrra húsa SVFÍ/björgunarfélaga og nýrra endurvarpsstöðva taki mið af almennum sjónarmiðum sem gilda um einstaka landnotkunarflokka.

Landgræðsla:

Í svæðisskipulaginu er skilgreint eitt landgræðslusvæði innan sveitarfélagsins, við hálendisjaðarinn.⁶⁴

Hafið í Þjórsárdal. Uppgræðsla í samvinnu [Skeiða- og] Gnúpverjahrepps, Landsvirkjunar og Landgræðslunnar. Nýtt til haustbeitar. Svæðið er á mörkum skipulagssvæðis.

Í greinargerð svæðisskipulagsins er eftirfarandi skilgreining á "núverandi landgræðslusvæðu".⁶⁵

Á landgræðslusvæðum er unnið að stöðvun jarðvegsrofs eða landbótum með beitarstjórnun, friðun eða öðrum landgræðsluáðgerðum. Afgirt landgræðslusvæði á vegum Landgræðslunnar, félagssamtaka eða einstaklinga eru auðkennd á skipulagsupphætti, en önnur aðgerðasvæði vegna landgræðslu eru ekki sýnd sérstaklega.

Í greinargerð Skipulagsstofnunar (frá 1999) segir m.a. um landgræðslusvæði:

Flokkurinn "núverandi landgræðslusvæði" er ekki landnotkunarflokkur sem segir til um nýtingu á skipulagstímabilinu. Gengið er út frá því að landgræðsla og mannvirki henni tengd séu í samræmi við stefnu svæðisskipulagsins og geti farið fram á þeim svæðum þar sem Landgræðsla ríkisins telur þörf, að undangenginni afgreiðslu viðkomandi sveitarstjórna. Skipulagsstofnun telur að með mannvirkjum vegna landgræðsluáðgerða sé átt við girðingar. Bent er á að framkvæmd landgræðsluáætlana er háð framkvæmdaleyfi sveitarstjórna.

⁶³ Miðhálendi Íslands-Svæðisskipulag 2015, Greinargerð, maí 1999, bls. 83.

⁶⁴ Miðhálendi Íslands-Svæðisskipulag 2015, Greinargerð, maí 1999, bls. 191.

⁶⁵ Miðhálendi Íslands-Svæðisskipulag 2015, Greinargerð, maí 1999, bls. 75.

Gönguleiðir:

Á uppdrætti svæðisskipulagsins eru sýnd megin gönguleið frá Hólaskógi, um afréttarveg Gnúpverja, að skálanum í Gljúfurleit og áfram norður að fjallaselinu í Bjarnalækjarbotnum, þaðan að Norðlingaöldu og áfram að Setrinu í Kisubotnum. Úr fjallaselinu Setrinu heldur leiðin áfram til Kerlingarfjalla. Í greinargerð svæðisskipulags er þessi leið nefnd "Hólaskógur-Gljúfurleit-Bjarnalækjarbotnar-Kerlingarfjöll".⁶⁶ Önnur megin gönguleið er skilgreind sem einnig tengist Setrinu í Kisubotnum, og liggur þvert um Þjórsárver, en leiðin er nefnd "Nýidalur-Þjórsárver-Kerlingarfjöll-Þverbrekknámúli/Hveravellir"⁶⁷ í svæðisskipulaginu. Engar megin gönguleiðir eru skilgreindar í Skáldabúðaheiði.

Reiðleiðir:

Í syðri hluta hálendisins er reiðleið sem liggur með akvegi frá Skáldabúðum að gangnamannahúsinu í Hallarmúla og að skálanum í Sultarfiti.⁶⁸ Einnig liggur reiðleið meðfram línuveginum sem hefst í Þjórsárdal og fer um Hólaskóg. Frá Hólaskógi liggur reiðleið með afréttavegi Gnúpverja og fylgir sömu slóðum og megin gönguleiðin sem fer um Setrið í Kisubotnum. Í greinargerð eru reiðleiðir á hálendis sveitarfélagsins annars skilgreindar eftirfarandi:

1. Sprengisandsleið, Hólaskógur-Bólstaður.
2. Úr Tjarnarveri norðvestur Fjórðungssand norðan Kerlingarfjalla.
3. Úr Bjarnalækjarbotnum norðvestur milli Lambafells og Rjúpnafells eystra í Leppistungur (sbr. fyrirhugaður fjallvegur).
4. Inn á Flóa- og Skeiðaafrétt upp frá Skáldabúðum, í Gljúfurleit um Fellaskála.

Fjallvegir, einkavegir og aðrar ökuleiðir:

Línuvegur norðan Hallarmúla er skilgreindur sem fjallvegur í svæðisskipulaginu.⁶⁹ Vegur um Skáldabúðaheiði að Hallarmúla og norður að Sultarfit og Skeiðamannafit er skilgreindur einkavegur og aðrar ökuleiðir. Afréttarvegur Gnúpverja er skilgreindur sem fjallvegur allt norður í Norðlingaöldu, en sem "einkavegur og aðrar ökuleiðir", þaðan í Setrið í Kisubotnum. Vegur frá Norðlingaöldu að Setri í Kisubotnum og þaðan til Kerlingarfjalla er skilgreindur sem einkavegur og aðrar ökuleiðir.

Samkvæmt svæðisskipulaginu er fyrirhugaður nýr "fjallavegur" (sbr. skilgreiningu svæðisskipulags) frá Bjarnalækjarbotnum um Rjúpnafell að Leppistungu og enn fremur nýr fjallvegur austur fyrir Þjórsá þar sem hann tengist "aðalfjallvegi" við Versali. Samkvæmt ákvörðun svæðisskipulagsins eru "fjallvegir" háðir mati á umhverfisáhrifum. Vegurinn frá Bjarnalækjarbotnum er lengri en 10 km og því sjálfkrafa matsskyldur (sbr. ný lög um mat á umhverfisáhrifum, lög nr. 106/2000, 5. grein, Viðauki I, liður 10.2). Fyrirhugaður vegur liggur um svæði sem skilgreint er sem "önnur svæði".

Í greinargerð svæðisskipulagsins segir eftirfarandi um fyrirhugaðan veg um Bjarnalækjarbotna:⁷⁰

⁶⁶ Miðhálandi Íslands-Svæðisskipulag 2015, Greinargerð, maí 1999, bls. 194.

⁶⁷ Miðhálandi Íslands-Svæðisskipulag 2015, Greinargerð, maí 1999, bls. 194.

⁶⁸ Sjá uppdrátt svæðisskipulagsins og bls. 193 í greinargerð svæðisskipulagsins.

⁶⁹ Miðhálandi Íslands-Svæðisskipulag 2015, Greinargerð, maí 1999, bls. 193.

⁷⁰ Miðhálandi Íslands-Svæðisskipulag 2015, Greinargerð, maí 1999, bls. 193.

Leið frá Norðlingaöldu um Bjarnalækjarbotna að Leppistungum, Skeiða[-og Gnúpverjahreppur]. og Hrunamannahr. Vegtenging yfir Þjórsá og þvert yfir afrétti á Suðurlandi sem eykur möguleika á sviði ferðamennsku.

Fjallvegir eru skilgreindir með eftirfarandi hætti í svæðisskipulaginu (sjá skýringu á uppdrætti):

Fjallvegir eru ferðamannaleiðir innan héraða, e.k. ofanbyggðarvegir, jafnan opnir skemur en aðalfjallvegir. Ruddir eða ofaníbornir vegir og hættulegustu ár jafnan brúaðar. Háðir mati á umhverfisáhrifum.

Einkavegir og aðrar ökuleiðir eru skilgreindir með eftirfarandi hætti í svæðisskipulaginu (sjá skýringu á uppdrætti):

Einkavegir og aðrar ökuleiðir eru fáfarnar leiðir að fjallaseljum, s.s. ýmsir afrétta-, veiði- og línuvegir. Einnig vegir sem eru skilgreindir sem "almennir vegir" og "einkavegir" í vegalögum og eru ætlaðir til almennrar umferðar. Eftir atvikum háðir mati á umhverfisáhrifum.

Um einkavegi og aðrar ökuleiðir segir í greinargerð Skipulagsstofnunar:

Á skipulagsuppdrætti er kortlögð lega núverandi einkavega og annarra ökuleiða. Afmörkun einkavega og annarra ökuleiða á skipulagsuppdrætti er ekki tæmandi fyrir alla slíka vegi sem samræmst geta stefnumörkun svæðisskipulagsins. Ákvarðanir um legu nýrra einkavega og annarra ökuleiða tengist ákvöðunum um ný mannvirki sem falla undir flokk annarra mannvirkja.

Flugvellir:

Í greinargerð svæðisskipulagsins er nefnd flugbraut við Nautöldu [athuga þarf merkingu á skipulagsuppdrætti]. Þar segir:⁷¹

Flestar flugbrautir á hálendi eru náttúrulegir landingarstaðir sem hafa verið valtaðir og merktir með vindpokum. Flugbrautir eru einkum nýttar í þágu ferðamennsku, veiðinýttja, landgræðslu og sjúkraflugs. Flugbrautum sem sýndar eru á skipulagsuppdrætti, er haldið við af Flugmálastjórn og eftir atvikum öðrum eigendum.

Í skýringum á skipulagsuppdrætti segir:

Flugvellir eru flugbrautir í V. flokki Flugmálastjórnar, landingarstaðir sem eru valtaðir og merktir með vindpokum.

Orkuvinnsla:

Í greinargerð og korti svæðisskipulagsins er gerð grein fyrir núverandi orkuvinnslusvæðum í Skeiða- og Gnúpverjahreppi (ritað 1999):⁷²

Sultartangavirkjun, [Gnúpverjaafrétti]. Orkugeta allt að 900 Gwst/ári. Uppsett afl allt að 125 MW. Sultartangalón er þegar komið í gagnið og nýtist sem miðlun fyrir

⁷¹ Miðhálendi Íslands-Svæðisskipulag 2015, Greinargerð, maí 1999, bls. 193.

⁷² Miðhálendi Íslands-Svæðisskipulag 2015, Greinargerð, maí 1999, bls. 192.

Búrfell. Stöðvarhús verður neðan Sandafells í Gnúpverjahreppi. Mat á umhverfisáhrifum liggur fyrir. Framkvæmd heimiluð með skilyrðum.

Kvíslaveitur,...Orkugeta allt að 400 Gwst/ári. Framkvæmdir við 5. og síðasta áfanga Kvíslaveitu er á framkvæmdastigi en þar er um að ræða miðlun til Búrfells og annarra virkjana á vatnasviði Þjórsár og Tungnaár.

Um fyrirhuguð orkuvinnslusvæði segir:

Norðlingaölduveita...Miðlun til Þórisvatns. Skv. reglugerð um friðlandið í Þjórsárverum frá 1979 er stíflugerð í allt að 581 m.y.s. háð fyrirvara um áhrif á gróðurlendi veranna. Nauðsynlegt er að lækka stífluhæð til að hlífa eins og kostur er neðsta hluta Þjórsárvera. Unnið er að því í samvinnu Landsvirkjunar og Náttúruverndar ríkisins að komast að niðurstöðu um stærð miðlunarlóns með stíflu við Norðlingaöldu. Hugsanlegt lónasvæði er því auðkennt með blandaðri landnotkun; orkuvinnsla/náttúruvernd. Matsskyld framkvæmd skv. 5. gr. laga um umhverfismat,

Í greinargerð svæðisskipulagsins eru “núverandi orkuvinnslusvæði” skilgreind með eftirfarandi hætti:⁷³

Virkjanir sem hafa þegar komið til framkvæmda eða eru á byggingarstigi og mati á umhverfisáhrifum lokið; orkuver, miðlunarlón, ganga- og skurðaleiðir og háspennulína.

Í greinargerð Skipulagsstofnunar segir eftirfarandi um orkuvinnslusvæði:

Bæði “núverandi” og “fyrirhuguð orkuvinnslusvæði” virðast falla landnotkunarflokkinn “iðnaðarsvæði” eins og hann er skilgreindur í skipulagsreglugerð, þó þannig að skilgreining hans þengist þannig að eingöngu er gert ráð fyrir landnotkun vegna virkjunar vatnsfalla á svæðunum...Um nýtingu jarðhita segir í gr. 2.7. í greinargerð svæðisskipulagsins að ekki sé gerð grein fyrir virkjun háhita á skipulagstímabilinu, þ.e. virkjun jarðhita á háhitasvæðum samrýmist ekki stefnumörkun svæðisskipulagsins [1999]

Í aðalskipulagi þarf að útfæra frekar stefnumörkun svæðisskipulagsins um orkuvinnslusvæði, s.s. nánara um staðsetningu og afmörkun orkuvinnslusvæða og nánari förmæli um landnotkun og áherslur í deiliskipulagi eða annarri útfærslu [2001].

Háspennulínur:

Háspennulína (220kV), frá Hrauneyjarfossvirkjun að Brennimel í Hvalfirði, liggur þvert um syðsta hluta afréttar Skeiðahrepps, norðan Hallarmúla. Beggja vegna línunnar er skilgreint mannvirkjabelti (sbr. umfjöllun að framan). Norðan þeirrar línu er nú fyrirhuguð ný lína (Sultartungulína 3). Línan verður innan skilgreinds mannvirkjabeltis svæðisskipulagsins.⁷⁴

⁷³ Miðhálendi Íslands-Svæðisskipulag 2015, Greinargerð, maí 1999, bls. 77.

⁷⁴ Sjá Sultartangulína 3, 420 kV. Sultartangi-Brennimelur. Mat á umhverfisáhrifum –matsáætlun. Landsvirkjun 18. júlí 2001 og Matsskýrsla, mars 2002. Settir eru fram tveir kostir um legu línunnar norðan við Háafoss. Í öðrum kostinum er gert ráð fyrir hlykk til norðurs norðan Fossöldu til að draga úr sjónrænum áhrifum við Háafoss, líkt og lagt er til á svæðinu norðan Gullfoss. Sjá niðurstöðu og úrskurð Skipulagsstofnunar frá 19. júlí 2002 (www.skipulag.is; bls. 47-49).

6. Vatnsaflsvirkjanir – raforkuver:

6.1. Núverandi virkjanir:

Búrfellsstöð:

Aðdraganda að virkjun Þjórsár við Búrfell má rekja aftur til ársins 1909, þegar hreppsnefnd Gnúpverjahrepps felur Gesti Einarssyni á Hæli umboð til að koma í verð eignum hreppsins í fossum Þjórsár í nánd við Búrfell. Á árunum 1915-1919 gerði norskri verkfræðingurinn Sætersmoen áætlun um virkjun á vegum Fossafélagsins Titan, nokkru austan við núverandi virkjun. Titanfélagið hafði þá fest kaup á öllu svæðinu milli Þjórsár og Fossár upp að ármótum Rauðár/Fossár, og þaðan öllu svæðinu milli Rauðár og Þjórsár upp að Sandafelli fyrir milligöngu Einars Benediktssonar. Ekkert varð þó úr virkjunarframkvæmdum og féll landareign þessi Landbúnaðarráðuneytinu í hendur árið 1952.

Búrfellsstöð var byggð á árunum 1966-72 og tekin í notkun í tveimur jafnstórum áföngum 1969 og 1972. Á árunum 1997-1998 voru sett ný vatnshjól í alla sex hverfla Búrfellsstöðvar. Við það jókst uppsett afl hennar úr 210 í 270 MW.

Sultartangastöð:

Þjórsá og Tungnaá voru stíflaðar austan undir Sandafelli um það bil 1 km ofan ármótanna á árunum 1982-1984. Frá rótum Sandafells liggur stíflan yfir farveg Þjórsár, austur yfir Sultartanga og farveg Tungnaár og áfram á suðurbakka hennar í átt að Haldi við Tungnaá. Með gerð stíflunnar myndaðist ofan hennar svonefnt Sultartangalón, og þaðan hefur vatni verið veitt um farveg Þjórsár til Búrfellsstöðvar.

Framkvæmdir við byggingu Sultartangastöðvar hófust vorið 1997 en komust á fullt skrið vorið 1998. Fyrri vél Sultartangastöðvar var gangsett seint á árinu 1999 en stöðin var komin í fullan rekstur snemma árs 2000. Uppsett afl Sultartangastöðvar er 120 MW.